

Kirkjuleg lýðræðishreyfing

Lútherskir fríkirkjusöfnuðir á Íslandi fyrir 1915

Fyrsta grein

Með stjórnarskránni 1874 var landsmönnum heimilað að bindast samtökum um að iðka trú sína utan vébanda þjóðkirkjunnar, hvort sem væri á grundvelli evangelísk-lútherskrar kristni eða einhverrar annarrar trúarhefðar sem á annað borð fól í sér guðstrú. Með því trúfrelsi sem þannig komst á var kristnum trúfélögum tryggt víðtækt svigrúm til starfs í landinu. Þar með hófst fyrsta skeiðið í þróun trúfrelsis hér og stóð það til 1915 en þá var einstaklingum veitt aukið trúfrelsi.¹

Fólk kaus að notfæra sér hinn nýja rétt sinn með ýmsu móti. Einhver urðu fráhverf öllum átrúnaði og sögðu sig úr þjóðkirkjunni án þess að ganga í nokkurt trúfélag.² Þá hófu ýmis trúfélög utan lúthersku kirkjudeildarinnar störf á nokkrum stöðum á landinu og öðluðust sums staðar nokkurt fylgi. Pétur Pétursson hefur fjallað ítarlega um sögu þessara trúfélaga.³ Loks voru stofnaðir hér nokkrir evangelísk-lútherskir fríkirkjusöfnuðir víðs vegar um landið sem störfuðu um lengri eða skemmri tíma. Í þessari grein og tveimur öðrum sem á eftir fylgja verður athyglinni beint að þeim en lítið hefur verið um þá fjallað í rannsóknum til þessa.⁴

Í greinunum þremur verður einkum leitað svara við fjórum spurningum. Sú fyrsta lýtur að því hvort finna megi hugmyndalegan samnefnara milli safnað-

¹ Hjalti Hugason, „Þróun trúfrelsis á Íslandi 1874–1915. Umræður og lagarammi“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 55/2021, bls. 20–43, timarit.is, sótt 26. janúar 2023 af

<https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/102/138>. Sú grein sem hér birtist, ásamt þeirri sem vísað er til og tveggja annarra sem á eftir fylgja, er afrakstur af rannsóknarverkefni undir heitinu *Trúfrelsi í framkvæmd 1874–1915*. Ég þakka aðstoðarmanni mínum, Áslaugu Guðnýju Unnsteinsdóttur, fyrir vandaða vinnu við söfnun og afritun heimilda í Þjóðskjalasafni Íslands.

² Dæmi um það eru hjónin Sigurður Einarsson (1859–1901) og Arnbjörg Stefánsdóttir (1852–1937) á Hánefsstöðum í Seyðisfirði. Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi: Rannsókn á umsóknargögnum í Þjóðskjalasafni“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 110/2021, bls. 7–41, hér 26–27.

³ Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Fyrsti hluti“, *Saga* 18/1980, bls. 179–224; „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Annar hluti — K.F.U.M. og skyld félög“, *Saga* 19/1981, bls. 177–274; „Trúarlegar hreyfingar í Reykjavík tvo fyrstu áratugi 20. aldar: Þriðji hluti — Spíritisminn og dultrúarhreyfingin“, *Saga* 22/1984, bls. 93–172; sami, *Með himneskum armi: Hundrað ára saga Hjálpræðisbersins á Íslandi*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1995; sami, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197–421, hér 268–277; sami, *Church and Social Change: A Study of the Secularization Process in Iceland since 1830*, 3. útg., Reykjavík: [án útg.], 2017, bls. 90–94, 115–122.

⁴ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 237–241; sami, *Church and Social Change*, bls. 105–106, hér 237–241.

anna sem við sögu koma en allir voru þeir stofnaðir vegna staðbundinna að-
stæðna í starfi þjóðkirkjunnar. Af þeim sökum hefur hingað til einkum verið
horft til þeirra sem afmarkaðra klofningsbrota. Samnefnari af þessu tagi styrkir
aftur á móti þá túlkun að um hreyfingu hafi verið að ræða.⁵ Slíkur samnefnari
gæti hafa falist í eiginlegum fríkirkjulegum hugmyndum á sviði ytri eða innri
kirkjumála, ef ekki á báðum sviðunum. Kæmi hann þá fram í viðleitni til að
upphefja ráðandi samband ríkis og kirkju með aðskilnaði þessara stofnana (ytri
mál) og/eða skapa söfnuðum sem víðtækast frelsi til að haga helgisíðum sínum
og öðrum atriðum sem líta má á sem guðfræði- eða trúarleg að eigin vild (innri
mál).⁶ Væri þá réttmætt að ræða um dæmigerða fríkirkjuhreyfingu. Einnig gæti
samnefnari hafa komið fram í sjónarmiðum um valddreifingu í kirkjunni og
viðleitni til að auka sjálfsákvörðunarrétt einstakra safnaða í eigin málum án
þess að stefnt væri að aðskilnaði ríkis og kirkju ef mögulegt reyndist að ná fram
baráttumálum fólks án þess. Ber þá fremur að líta svo á að hreyfingin hafi
snúist um aukid lýðræði í kirkjunni og ræða þá frekar um kirkjulega lýðræðis-
hreyfingu.⁷ Í því sambandi má benda á að það eitt að fólk segði sig úr þjóð-
kirkjunni og bindist samtökum um að móta sjálft umgjörð trúariðkunar sinnar
felur í sér lýðræðislegan gjörning en með því var að verulegu leyti hafnað
lögsögu veraldlegra og jafnvel kirkjulegra yfirvalda á sviði safnaðarmála.

Í annarri spurningunni felst hvort finna megi bein eða óbein tengsl milli að
minnsta kosti sumra lúthersku fríkirkjusafnaðanna sem hér voru stofnaðir á
tímabilinu en það mundi styrkja það álit að um hreyfingu hafi verið að ræða.
Svo kann vel að hafa verið þótt hver og einn söfnuður hafi starfað á afmörkuðu
svæði án þess að þeir byndust samtökum eða fram kæmi samfelld fríkirkja.

Þriðja spurningin snýst um það hversu frjálssir gagnvart þjóðkirkjunni
söfnuðirnir, eða hreyfingin sem þeir stóðu fyrir, náðu að verða á rannsóknar-
tímanum. Í því felst einkum hvort biskup eða aðrir kirkjulegir embættismenn
hafi haft veruleg afskipti af þeim eða ekki og í hvaða átt þau þá beindust ef svo
var.

⁵ Hér er lítið svo á að réttmætt sé að skoða fríkirkjusöfnuðina sem fjallað er um sem birtingarmyndir a.m.k. óformlegrar hreyfingar ef mögulegt er að sýna fram á að yngri söfnuðir hafi sótt fyrirmyndir til hinna eldri og/eða benda megi á skyldleika eða tengsl ef einhverju tagi milli safnaðanna er geri það að verkum að þeir hafi ekki algerlega verið óháðir hver öðrum. Orðið hreyfing er því notað hér í almennri merkingu án sértækrar, fræðilegrar skilgreiningar.

⁶ Í þessu sambandi verður að greina á milli tvenns konar hreyfinga í landinu á þessum tíma sem báðar gátu leitt til myndunar fríkirkjusafnaða. Annars vegar er sú kirkjulega lýðræðishreyfing sem hér er fjallað um, kom fram í staðbundnum aðgerðum á vettvangi kirkjumála og leiddi í raun til stofnunar fríkirkjusafnaða eins og sýnt verður fram á. Hins vegar gætti kraftmikillar umræðu um áframhaldandi tengsl ríkis og kirkju eða aðskilnað. Margir aðhylltust aðskilnað og sáu þá fyrir sér að í stað þjóðkirkjunnar kæmi fram annað tveggja samfelld fríkirkja sem næði til allra safnaða landsins eða að við tækju sjálfstæðir, óháðir söfnuðir að „kongregatíonalískum“ hætti. Þessi umræða var oft nefnd fríkirkjumálið. Sjá t.d.: „Fríkirkjumálið“, *Þjóðviljinn ungi* 6. júlí 1894, bls. 117–118. Ekki virðist ætíð gerður skýr greinarmunur þarna á milli. Sjá: Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun 1874–1918“, *Saga Íslands* 10, ritstj. Sigurður Línal og Pétur Hrafn Arnason, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2009, bls. 5–312, hér 168. Sú stefna sem varð ofan á fólst þó í því að tengslum ríkis og kirkju var haldið en sjálffræði kirkjunnar í eigin málum aukid; Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916 — Lokasamantekt“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 96–122, hér einkum 109–119. Ekki verður séð að fríkirkjusöfnuðir hafi myndast af þessum ástæðum einum. Lárus Halldórsson, sem var helstu áhrifamaður fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði og síðar Reykjavík, aðhylltist þó aðskilnað ríkis og kirkju og barðist fyrir honum m.a. í málgangi sínu *Fríkirkjunni* (1899–1902).

⁷ „Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, *Þjóðólfur* 10. maí 1884, bls. 70–71, hér 71; „Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, *Þjóðólfur* 7. júní 1884, bls. 86. Sjá: Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 168. Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 105.

Í fjórða lagi verður loks spurt um sambúð fríkirkjusafnaðanna og þjóðkirkjunnar, hvort hún hafi verið friðsamleg eða einkennst af átökum. Í þessari fyrstu grein verður athyglinni beint að tveimur fyrstu spurningunum. Í miðgreininni verður þriðja spurningin einkum tekin fyrir og loks fjallað um sambúð þjóðkirkjunnar og fríkirkjusafnaða í lokagreininni og lýtur það efni að þriðju og fjórðu spurningunni.

Eins og heiti þessa greinaflokks felur í sér er litið svo á að í lúthersku fríkirkjusöfnunum sem hér voru stofnaðir á rannsóknartímabilinu megi greina kirkjulega lýðræðishreyfingu þó svo að hún hafi verið óformleg. Ber að líta á hana sem hluta af þeirri víðtæku lýðræðis- og félagsmálavakningu sem gekk hér yfir á tímabilinu en nokkrum áratugum á eftir sambærilegri þróun í nálægum löndum. Er tímabilið, og þá einkum síðari hluti þess, upphafsskeið nútímavæðingar í landinu.⁸ Vissulega náði nútímavæðingin einnig til þjóðkirkjunnar og munar þar mest um tilkomu og eflingu sóknarnefnda. Þeim sem stóðu að stofnun fríkirkjusafnaðanna sem hér er fjallað um þótti þó sýnilega að ekki væri nægilega langt gengið í lýðræðisátt enda hélt þróunin hér á landi ekki í við það sem gerðist í Danmörku.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir þeim aðstæðum sem ríktu á tímabilinu og þeim lagaskilyrðum sem sett voru fyrir stofnun fríkirkjusafnaða, sem og þeirri málsmeðferð sem þróaðist í því efni. Í næsta kafla verður brugðið upp yfirliti yfir fríkirkjusöfnunina sem stofnaðir voru á tímabilinu. Einkum verður varpað ljósi á stofnun þeirra og slit eftir því sem við á en ekki rakin samfelld saga þeirra. Markmiðið er einkum að leiða í ljós tilefni þess að söfnuðirnir voru stofnaðir. Loks verður grafið fyrir um hvort tengsl og skyldleiki milli safnaðanna hafi verið með þeim hætti að líta megi á þá sem hreyfingu þó svo að óformleg væri.

Aðstæður og lagaskilyrði

Fyrsti fríkirkjusöfnuður landsins komst á í Hólmaprestakalli í Reyðarfirði upp úr 1880. Framan af var staða hans næsta óljós. Lög um utanþjóðkirkjumenn nr. 4/1886 mörkuðu þáttaskil í því efni en þau gerðu það m.a. að verkum að prestsverk unnin af fríkirkjuprestum öðluðust fullt lagagildi og fríkirkjufólk var undanþegið flestum gjöldum til þjóðkirkjunnar.⁹ Þar með var lagalegur grunnur lagður að starfi þess safnaðar og hinna sem á eftir fylgdu. Fram til 1915 voru svo átta fríkirkjusöfnuðir til viðbótar stofnaðir í landinu. Eftir það varð áratuga hlé uns tveir söfnuðir bættust við en þeir koma ekki við þessa sögu.

Það viðhorf hefur tíðum komið fram að lúthersku fríkirkjusöfnuðirnir hafi almennt orðið til við að einstakir þjóðkirkjusöfnuðir hafi klofnað og þá oftast vegna óánægju með veitingu prestsembætta og síðar úrslit prestskosninga. Eins

⁸ Sjá: Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 5–7, 9–11.

⁹ *Sjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886, 13.–16. gr.). Utanþjóðkirkjufólk sem ekki greiddi til eigin safnaðar var ekki undanþegið neinu slíku gjaldi. Fríkirkjufólk varð ekki að fullu gjaldfrjálst gagnvart þjóðkirkjunni fyrr en 1904. *Sjórnartíðindi* 1904 A, bls. 21–22 (l. nr. 6/1904, 3. gr.). Gjaldfrelsi varð þá háð því að söfnuðurinn hefði á að skipa prest/forstöðumanni er hlotið hefði opinbera staðfestingu og söfnuðurinn hefði aðgang að „sómamlegu guðshúsi“.

og síðar verður sýnt var þetta vissulega meginástæðan fyrir að fyrsti söfnuðurinn kom til sögunnar. Víst er að atvik af þessu tagi komu oftár upp en þó einkum eftir að rannsóknartímabilinu lýkur. Í öðrum tilvikum var um viðbrögð við annars konar vanda í starfi þjóðkirkjunnar í héraði að ræða eins og síðar verður vikið að. Klofningurinn stafaði því aðallega af málefnum sem talin hafa verið ytri málefni kirkjunnar en þau lúta að stjórnskipan í kirkjunni og stöðu hennar gagnvart hinu opinbera. Svokölluð innri málefni sem snúast um trúarkenningu og helgisiði komu aftur á móti lítið sem ekkert við sögu og voru einkum bundin við störf Lárusar Halldórssonar (1851–1908) en hann var fyrsti prestur fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði og síðar safnaðar sem var stofnaður í Reykjavík.¹⁰ Af þessum sökum hefur athyglin einkum beinst að fríkirkjusöfnuðunum sem einangruðum klofningsbrotum án umtalsverðra tengsla sín á milli. Því er það sérstakt rannsóknarefni hvort mögulegt sé að líta svo á að hér hafi myndast eiginleg fríkirkjuhreyfing nema helst í Reykjavík.

Um aldamótin 1900 gaf Lárus Halldórsson því vissulega undir fótinn að fríkirkjuhreyfing væri þá við það að ryðja sér til rúms í landinu. Taldi hann útbreiðslu hennar meðal annars ná yfir Akranes, Innri-Hólmssókn og „Saurbæjarströnd“. Leit hann svo á að hreyfingin hefði fyrst tengst umræðum um aðskilnað ríkis og kirkju.¹¹ Síðustu árin kvað hann kirkjustjórnina aftur á móti varla hafa mátt hreyfa sig án þess að fram kæmu hótanir um úrsagnir úr kirkjunni þar sem fólk væri tekið að velta því fyrir sér „[...] hvað eðlilegast sé samkvæmt anda kristindómsins, og svo um sín eigin réttindi í sambandi við trúar- og samvizkufrelsið.“¹² Þá taldi hann og að eðlilegt væri að flokkadrættir gerðu vart við sig meðan söfnuðir væru að læra að fara rétt með nýfengið frelsi sitt.¹³ Vísaði hann þar augljóslega til laga frá tveimur síðustu áratugum nítjándu aldar sem tryggðu söfnuðum aukna aðkomu að stjórn eigin mála og þá einkum með tilkomu sóknarnefnda.¹⁴

Pétur Pétursson lítur einnig svo á að fríkirkjuhreyfing hafi komið fram hér á landi um 1880 og hafi átt fylgi að fagna tvo fyrstu áratugi tuttugustu aldar. Telur hann að hún hafi ekki verið sprottin af andófi gegn kenningum og helgisiðum þjóðkirkjunnar, sem virðist rétt þegar frá er talin spennan milli Lárusar Halldórssonar og kirkjustjórnarinnar. Kveður Pétur hreyfinguna einkum hafa

¹⁰ *DÍ*. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til L. H. 6. október 1882; *DÍ*. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til L.H. 24. mars 1883; *DÍ*. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til L.H. 7. maí 1883 (uppskrift úr einkabréfi); *DÍ*. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til L.H. 28. júní 1883; *DÍ*. Bps. CIII: 71. Bréfabók biskups 1901–1902. Bisk. til landsh. 6. apríl 1901. Sjá og: „Fríkirkja hér í bænum“, *Ísafold* 29. nóvember 1899, bls. 293–294, hér 293. L.H. var e.t.v. eini hreinræktaði fríkirkjumaðurinn sem þátt tók í þeirri lýðræðishreyfingu sem hér er fjallað um. Hann hélt fram biblíulegri guðfræði en tíðkaðist í þjóðkirkjunni og aðhylltist einfaldari helgisiði. Geta má þess að nú taka lög um þjóðkirkjuna til ytri kirkjumála en *Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar* sýna hvað telst til innri málefna hennar. Lög um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, *althingi.is*, sótt 26. janúar 2023 af <https://www.althingi.is/lagas/151c/2021077.html>. Samþykktir um innri málefni þjóðkirkjunnar, *kirkjan.is*, sótt 11. maí 2022 af <https://kirkjan.is/library/Files/Adrar-heimildir/Sam%C3%B0eykkir%20um%20innri%20m%C3%A1lefni%20kirkjunnar.pdf>.

¹¹ „Tveir vegir“, *Fríkirkjan* 5/1899, bls. 66–68, hér 67; „Stofnun fríkirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, *Fríkirkjan* 11/1899, bls. 165–175, hér 165–166; „Nýjársósk Fríkirkjunnar“, *Fríkirkjan* 1/1900, bls. 3–4, hér 3.

¹² „Tveir vegir“, bls. 67.

¹³ Sama stað.

¹⁴ Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften 2/524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 178–181, 234–235, 238–239; Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi 4, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 9–195, hér 80–84.

verið af félagslegum og pólitískum toga og á hann þar aðallega við þróun hennar meðal verslunar-, iðnaðar- og verkamanna í Reykjavík og Hafnarfirði.¹⁵

Tímabilið þegar flestir frikirkjusöfnuðirnir komu fram og hér er til umræðu spannar fyrsta þróunarskeið trúfrelsis í landinu (1874–1915). Það nær þó einnig í grófum dráttum yfir landshöfðingja- (1873–1904) og heimastjórnartímamann (1904–1918).¹⁶ Á því skeiði færðist framkvæmdavald í innanríkismálum Íslendinga í tveimur megináföngum inn í landið. Með stöðulögunum frá 1871 höfðu kirkjumál verið skilgreind sem innanríkismál ásamt sveitarstjórnarmálum, heilbrigðis-, skóla-, samgöngu- og atvinnumálum, auk nokkurra fleiri málaflokka.¹⁷

Á fyrrgreindu tímabili hófst og lýðræðisþróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Árið 1872 gekk t.a.m. í gildi tilskipun um sveitarstjórnir og samkvæmt henni var tekið að kjósa hreppsnefndir sem tóku við mörgum hlutverkum hreppstjóra sem skipaðir höfðu verið af amtmanni.¹⁸ Engin almenn mannréttindalöggjöf gildi hér á landi fyrir 1874. Útgáfu- og félagastarfsemi var því þröngur stakkur sniðinn.¹⁹ Þegar nær dró aldamótunum 1900 hófust á hinn bóginn ýmiss konar félagslegar umbætur, auk þess sem félagsleg virkni almennings jókst.²⁰

Ýtti þessi þróun öll m.a. undir deilur um valdmörk milli kirkjustjórnarinnar og einstakra safnaða og jók afskipti almennings af kirkjumálum og þá einkum ytri málefnum.²¹ Viðleitni safnaða til að hafa áhrif í eigin málum var enda í flestum tilvikum helsta ástæða þess að frikirkjusöfnuðir komu fram. Jafnframt hófst svo lýðræðisþróun í þjóðkirkjunni.²² Lög um sóknarnefndir tóku gildi 1880 og veittu þau söfnuðum nokkra aðkomu að eigin málum. Jókst hún eftir því sem á leið á rannsóknartímabilið.²³ Með lögum frá 1886 var söfnuðum tryggð nokkur aðkoma að veitingu prestsembætta og almennar prestskosningar voru teknar upp 1907.²⁴ Þá var leitast við að tryggja einstaklingum aukið svigrúm innan þjóðkirkjunnar með lögum um leysingu sóknarbands. Heimil- uðu þau fólki að velja sér annan prest (kjörprest) ef ósætti kom upp við sóknarprestinn.²⁵ Lögin áttu þó aðeins við um fólk sem gat fellt sig við að vera áfram í þjóðkirkjunni. Dreifbýli, vegalengdir og erfiðar samgöngur leiddu þó til þess

¹⁵ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 237–241; sami, *Church and Social Change*, bls. 116, 118, 122. Sjá: Pétur Pétursson, „Trúarlegar hreyfingar: Fyrsti hluti“, bls. 217–222.

¹⁶ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 205–259.

¹⁷ *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* 3, 1875, bls. 123–124 (l. nr. 1/1871, stöðulögin); Einar Laxness, *Íslands saga S–Ó*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 75.

¹⁸ Gunnar Karlsson, „Upphafsskeið þjóðríkismyndunar 1830–1874“, *Saga Íslands* 9, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2008, bls. 165–374, hér 331–334.

¹⁹ Sama heimild, bls. 347–349.

²⁰ Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 109–116, 134–155, 173–178.

²¹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632), sótt 1. febrúar 2023 af

<https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, ojs.hi.is, sótt 1. febrúar 2023 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728>.

²² Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 80–84, 87–88; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

²³ *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 28–30 (l. nr. 5/1880); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 214–220 (l. nr. 36/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 234–235.

²⁴ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2–6 (l. nr. 1/1886); *Stjórnartíðindi* 1907 A, bls. 168–176 (l. nr. 28/1907); Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, bls. 179–180.

²⁵ *Stjórnartíðindi* 1882 A, bls. 66 (l. nr. 9/1882); Þórunn [Jarla] Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 74–76; Gunnar Karlsson, „Atvinnubylting og ríkismyndun“, bls. 166.

að fólk sem nýtti sér heimildina náði sjaldnast að mynda hópa með öðrum. Lýðræðisþróun og aukið frelsi innan þjóðkirkjunnar náði samt ekki að koma í veg fyrir að einstakir söfnuðir klofnuðu og fram kæmu sjálfstæðir fríkirkjusöfnuðir á lútherskum grunni. Ástæða þessa fólst öðrum þræði í því að hér á landi náði lýðræði og sveigjanleiki innan þjóðkirkjunnar ekki að þróast í sama mæli og í Danmörku. Þar voru sett lög 1868 um kjörsöfnuði (d. *valgmenighed*) sem höfðu sambærilega stöðu og lúthersku fríkirkjusöfnuðirnir hér en gátu eigi að síður starfað innan vébanda dönsku þjóðkirkjunnar (d. *Folkekirken*), öfugt við það sem gerðist hér á landi.²⁶ Fjölgaði slíkum söfnuðum ört í Danmörku í kjölfar lagasetningarinnar

Samkvæmt 45. gr. stjórnarskrár um sérmál Íslendinga frá 1874 áttu landsmenn rétt á að stofna félög „[...] til að þjóna guði [...]“ með þeim hætti, sem best átti við sannfæringu hvers eins.²⁷ Í ákvæðinu fólust engar skyldur til að tilkynna um stofnun slíks félags, né heldur til að láta skrá það eða sækja um staðfestingu á því. Ákvæðið veitti félagunum ekki heldur neinn rétt til að standa að nokkrum þeim athöfnum eða öðrum gjörningum sem hefðu laga-gildi. Ekki var því mögulegt að koma fullgildum trúfélögum á laggirnar á grundvelli stjórnarskrárinnar einnar. Með fyrrnefndum lögum um utanþjóðkirkjumenn sem tóku gildi snemma árs 1886 var stjórnarskrárgreinin útfærð nánar en í öðrum kafla þeirra var fjallað um konunglega staðfestingu utanþjóðkirkjupresta og þá stöðu sem embættisverk þeirra fengu með henni.²⁸ Á þennan hátt skyldi tekið á einu helsta hagsmunamáli utanþjóðkirkjusafnaða, þ.e. að prestar þeirra eða forstöðumenn gætu unnið prestsverk fyrir safnaðar-fólk sitt sem hefðu sömu lögformlegu þýðingu og embættisverk þjóðkirkjupresta. Skipti hjónavígslan þar mestu máli.

Lögin kváðu á um að ef „kirkjufélag“ utan þjóðkirkjunnar kysi sér prest eða forstöðumann gætu fulltrúar þess leitað staðfestingar konungs á kosningunni. Væri slík staðfesting veitt fengju öll embættisverk sem viðkomandi vann fyrir þjóðkirkjufólk „[...] alla hina sömu borgaralegu þýðingu, sem væru þau af þjóðkirkjupresti framin.“²⁹ Með þessu var átt við að hjónavígslur framkvæmdar af fríkirkjuprestum hefðu fullt lagagildi sem og þau vottorð sem þeir gæfu út. Utanþjóðkirkjuprestar skyldu gæta fyrir mæla laga um meinbugi og lýsingar við stofnun hjónabands og sæta sömu ábyrgð og þjóðkirkjuprestar ef út af væri brugðið.³⁰ Í lögnum var ekki að finna nein skilyrði sem söfnuðir eða forstöðumenn þeirra urðu að uppfylla áður er til staðfestingar gat komið. Ekki var t.a.m. krafist sérstakrar menntunar af forstöðumönnum né að söfnuðirnir hefðu komið sér upp kirkjubyggingu eða annarri aðstöðu til helgihalds eða annars safnaðarstarfs.

Að fenginni staðfestingu áttu fríkirkjuprestar að sýna hana sýslumanni eða bæjarfógeta á viðkomandi stað áður en þeir fremdu nokkurt embættisverk og

²⁶ Jens Holger Schørring, „1800 til i dag“, *Kirkens historie 2*, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–749, hér 572–574.

²⁷ Stjórnarskrá um hin sjerstöku málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874, *stjornarradid.is*, sótt 10. nóvember 2022 af https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf.

²⁸ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886, 13.–15. gr.).

²⁹ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 20 (l. nr. 4/1886, 13. gr.).

³⁰ Sama stað.

skuldbinda sig með skriflegum eiðstaf eða yfirlýsingu til að hegða sér í stöðu sinni samkvæmt lögum landsins. Þá skyldu þeir vera skýrslu- og upplýsinga-skyldir í sama mæli og þjóðkirkjuprestar.³¹ Í staðfestingarbréfum til handa forstöðumönnum var jafnan lögð rík áhersla á að þeir ræktu þá skyldu sína að sverja eiðinn.³² Loks skyldi frikirkjusöfnuðum er nutu þjónustu prests með konunglega staðfestingu vera frjálst að nota þá grafreiti sem þjóðkirkjan hefði látið gera enda greiddu safnaðarmenn legkaup og tækju þátt í rekstri reitanna. Máttu frikirkjuprestar „[...] jarðsyngja og moldausa þar lík safnaðarlima sinna, [...]“ samkvæmt þeim helgisíðum sem söfnuðirnir hefðu sett sér.³³ Kysu söfnuðirnir á hinn bóginn að stofna eigin grafreiti skyldu þeir hlíta sömu heilnæmisreglum og giltu um kirkjugarða þjóðkirkjunnar, sem og vera háðir samþykki og eftirliti „valdsmanns“ að því er staðsetningu áhrærði.³⁴ Á grundvelli laganna frá 1886 gátu frikirkjusöfnuðir því tryggt félögum sínum sömu þjónustu og þjóðkirkjan og áttu ekki að vera upp á hana komnir. Á grundvelli laganna frá 1886 varð frikirkjufólk að mestu laust undan gjöldum til þjóðkirkjunnar.³⁵ Frekara gjaldfrelsi fékkst svo 1904.³⁶

Á rannsóknartímanum voru stofnaðir níu staðbundnir frikirkjusöfnuðir hér á landi.³⁷ Einhver brögð voru auk þess að því að fólk segði sig úr þjóðkirkjunni utan þeirra svæða sem starf safnaðanna náði til og gerði tilraunir til að tengjast þeim, líklega einkum til að öðlast þannig gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni. Til dæmis sögðu nokkur sóknarbörn í Laufássókn við Eyjafjörð sig úr þjóðkirkjunni upp úr 1890. Kröfðust a.m.k. sum þeirra gjaldfrelsis þar sem þau hefðu stofnað söfnuð sem Lárus Halldórsson frikirkjuprestur í Reyðarfirði mundi veita forstöðu. Prófastur, biskup og amtmaður litu svo á að þannig löguð úrsögn gæti ekki losað fólknið undan gjaldskyldu þess við kirkju og prest í þjóðkirkjunni enda lægi engin staðfesting fyrir um að Lárus hefði tekið að sér þjónustuna og gæti hún aldrei orðið annað en til málamynda.³⁸ Kvað Hallgrímur Sveinsson (1841–1909) biskup að innheimta bæri gjöld fólksins og beita til þess lögtaki ef á þyrfti að halda. Áleit hann sóknarprestinum gjafsókn vísa ef til málaferla kæmi.³⁹ Rann þessi tilraun því út í sandinn.⁴⁰ Nokkru síðar, eða 1895, brást biskup við bréfi prófasts í Eyjafjarðarprófastsdæmi þess efnis að

³¹ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20 (l. nr. 4/1886, 14. gr.).

³² Sjá t.d.: *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Stjr. til Ólafs Stephensen 30. maí 1914.

³³ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20–22 (l. nr. 4/1886, 15. gr.).

³⁴ Sama stað; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Stjr. til Stefáns Björnssonar 15. mars 1915.

³⁵ *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 20 (l. nr. 4/1886, 16. gr.).

³⁶ *Stjórnartíðindi* 1904 A, bls. 20–22 (l. nr. 6/1904, 3. gr.).

³⁷ „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 165–175; „Presthólamálið“, *Frikirkjan* 11/1900, bls. 174–176, hér 175; „Presthólamálin: I“, *Fjallkonan* 3/1901, bls. 1–2; „Presthólamálin: II“, *Fjallkonan* 7/1901, bls. 2–3; „Presthólamálin: III“, *Fjallkonan* 12/1901, bls. 1; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 241; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* 1, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 170–171, 197, 325, 327–328, 428–429, 434, 480–481; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* 2, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 117, 200, 228, 496. Eftir 1915 voru svo tveir söfnuðir stofnaðir: Frjálslyndi söfnuðurinn í Reykjavík, sem starfaði á árunum 1941–1946, og Óháði frikirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, sem stofnaður var 1949 og starfar enn. Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 311. Hér eru taldir ellefu frikirkjusöfnuðir, auk einnar tilraunar sem ekkert varð úr. Pétur Pétursson segir söfnuðina alls hafa orðið um fimmtán án þessa að telja þá upp. Pétur Pétursson, *Church and Social Change*, bls. 108.

³⁸ *ÞÍ. Bps. CIII: 62. Bréfabók biskups 1892–1893. Bisk. til Magn. Bl. Jónss. 5. janúar 1893.*

³⁹ Sama stað.

⁴⁰ „Tala frikirkjumanna í Reiðarfirði“, *Frikirkjan* 2/1899, bls. 31.

Jóhann Thorarensen (f. 1872, fór til Vesturheims) í Kaupangi hefði sagt sig úr þjóðkirkjunni vegna ósamkomulags við sóknarnefndina og gengið í fríkirkjusöfnuðinn í Reyðarfirði. Biskup svaraði á þá leið að slíkt „safnaðarsamband“ milli Eyjafjarðar og Reyðarfjarðar kæmi ekki til greina þar sem fjarlægðin gerði það ómögulegt. Því gæti slík úrsögn ekki fríað Jóhann undan gjöldum. Honum væri að öðru leyti frjálst að víkja úr þjóðkirkjunni og þyrfti enga ástæðu að greina fyrir úrsögninni. Þrátt fyrir það áleit biskup upp gefna ástæðu grunnfærna þar sem sóknarnefndir væru aðeins kosnar til eins árs í senn og gæti ágreiningurinn sem væri þjóðkirkjunni óviðkomandi orðið að engu við næstu kosningar og úrsögnin þar með orðið ástæðulaus. Færi illa á að menn, af hégómlegum ástæðum, hlypu til og segðu sig úr kirkjunni „[...]“ sem þeir eru fæddir og uppaldir í, og sem allir hennar meðlimir ættu að bera meiri virðingu fyrir og meiri rækt til, heldur en svo, að þeir skilji við hana fyrir henni óviðkomandi smámuni.⁴¹ Á Alþingi 1892 hafði Lárus Halldórsson bent á að fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði væri ekki bundinn við nein „geografísk takmörk“ og gæti fólk gengið í hann þótt í fjarlægð væri. Viðurkenndi hann þó að það væri aðeins „hugsanlegur möguleiki“ en bæði „ópraktískt“ og „[...]“ ekki nema nafnið tómt.⁴² Líklega hefur biskupi þótt meiri alvara fylgja úrsögn Stefáns Einarssonar (1848–1916) í Möðrudal vorið 1893 en úrsagnarbréfi sínu beindi Stefán til biskups sjálfs. Tjáði hann að ýmsar trúarsetningar lúthersku kirkjunnar hefðu um nokkurn tíma ekki getað „[...]“ samrýmt við sínar innstu tilfinningar.“ Hefði honum, þrátt fyrir ítarlegar tilraunir, ekki tekist að útrýma þessum hugsunum og „[...]“ sjái hann sig neyddan til, samvizku sinnar vegna, að segja sig að öllu leyti úr þjóðkirkjunni [...].“ Gerði hann sér grein fyrir að hann yrði þó áfram að fullu gjaldskyldur við þjóðkirkjuna.⁴³ Ekki kemur fram hvaða trúaratriði það voru sem Stefán gat ekki samsamað sig við. Árin á undan hafði staðið deila um endurbyggingu kirkjunnar í Möðrudal sem Stefán hafði dregið og m.a. sótt um leyfi til að hafa bygginguna styttri en eldri kirkjuna.⁴⁴ Vera má að sú togstreita hafi valdið einhverju um úrsögnina.

Fríkirkjusöfnuðir á Íslandi 1874–1915 — Stofnun og slit

Í eftirfarandi kafla verður gerð stutt grein fyrir lúthersku fríkirkjusöfnuðunum sem hér voru stofnaðir á rannsóknartímanum.⁴⁵ Er það m.a. gert til að leiða í ljós tilefni þess að viðkomandi söfnuður var stofnaður.

⁴¹ ÞÍ. Bps. CIII: 65. Bréfabók biskups 1895–1896. Bisk. til prófests í Eyjafirði 28. nóvember 1895.

⁴² *Alþingistíðindi* 1891 B, bls. 180.

⁴³ ÞÍ. Bps. CIII: 63. Bréfabók biskups 1893–1894. Bisk. til prófests í N.-Þing. 28. ágúst 1893.

⁴⁴ ÞÍ. Bps. CIII: 63. Bréfabók biskups 1893–1894. Bisk. til prófests í N.-Þing. 26. júlí 1893.

⁴⁵ Heiti safnaða hér á eftir eru með upprunalegum rithátti í kaflaheitum séu þau í gæsalöppum. Ekki hafa fundist heimildir um upphaflegan rithátt hinna heitanna.

„Hinn evangelísk-lúterski frísöfnuður í Reyðarfirði“

Eftir lát Hallgríms Jónssonar (f. 1811) sóknarprestis á Hólmmum í Reyðarfirði 1880 sagði stór hluti safnaðarins sig úr Þjóðkirkjunni og stofnaði fríkirkjusöfnuð þar sem yfirvöld töldu sig ekki geta virt óskir fólks um að sonur Hallgríms og aðstoðarprestur til tæpra tíu ára tæki við kallinu. Á þessum tíma höfðu söfnuðir ekki aðkomu að vali á prestum. Um það leyti sem Hallgrímur lést gengu þó í gildi lög um stjórn safnaðarmála og samkvæmt þeim öðluðust sóknarnefndir rétt til að mæla með einum umsækjenda umfram annan. Þau lög hafa samt tæpast verið komin til framkvæmda þegar Hallgrímur lést. Ekkert bendir til að neinn eiginlegur fríkirkjuáhugi hafi ráðið ferðinni í þessu sambandi en á fundi sem haldinn var í nóvember 1881 kom skýrt fram að fundarfólk var reiðubúið til að halla sér áfram að þjóðkirkjunni næðust sættir um baráttumál þess. Formleg stofnun fríkirkjusafnaðar átti sér svo stað 6. desember sama ár en þá var samþykkt „Reglugiörð fyrir bráðabyrgðastjórn kirkjulegra mála fríkirkjunnar í Reyðarfirði.“ Skömmu síðar lenti Lárus Halldórsson prófastur á Valþjófsstað í deilum við kirkjuyfirvöld og var leystur frá embætti vorið 1883. Snerist deilan einkum um hvert frelsi Lárus hefði til að víkja frá helgisíðum þjóðkirkjunnar og hvenær honum væri skylt að bera hempu við kirkjulegar athafnir. Var hann í framhaldinu ráðinn til fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði.⁴⁶ Markmið prests og safnaðar fóru þó ekki saman að öllu leyti. Söfnuðurinn andæfði veitingarvaldinu en presturinn „helgisíðaokinu“ sem hann taldi ríkja í þjóðkirkjunni.⁴⁷ Áður en Lárus tók til starfa var við það miðað að börn væru skírð skemmri skírn, uppfræðsla þeirri færi fram samkvæmt lögum á ábyrgð heimilanna og kjörin „formannanefnd“ annaðist húsvitjanir en að fermingar væru látnar bíða þar til prestur yrði ráðinn. Leitað skyldi til næsta prests þjóðkirkjunnar um vitjun sjúkra og greftrun. Loks skyldi heimilisguðrækni koma í stað guðsþjónustu.⁴⁸ Með ráðningu Lárusar skaut nýtt vandamál upp kollinum, þ.e. hvort honum leyfðist að nota kirkju og kirkjugarð sóknarinnar. Taldi biskup það óheimilt en óskaði þess að landshöfðingi leitaði úrskurðar Íslandsmálaráðuneytisins í Kaupmannahöfn.⁴⁹ Þess skal getið að þau sem ráðið höfðu Lárus til starfa voru enn skyldug að greiða öll tilskilin gjöld til þjóðkirkjunnar. Lárus var svili Jóns Bjarnasonar (1845–1914) prests í Vesturheimi og eins af forystumönnum Vestur-Íslendinga í kirkjumálum en hann þjónaði Dvergasteini í Seyðisfirði í nokkur ár um það leyti sem söfnuðurinn í Reyðarfirði var stofnaður.⁵⁰ Má öruggt telja að þau tengsl hafi ráðið miklu um stofnun safnaðarins.

⁴⁶ Regluleg lög fyrir söfnuðinn voru samþykkt 19. nóvember 1884. *DÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan Reyðarfirði D/1. Gjörðabók Fríkirkjusafnaðar í Reyðarfirði 1881–1930*, bls. 1–5, 18; *Sjórntíðindi* 1880 A, bls. 28 (l. nr. 5/1880, 7. gr.); Björn Magnússon, *Guðfræðingatal 1847–1976*, Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur h.f., 1976, bls. 273–274. Sjá: Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi: Endurminningar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1949, bls. 165–193; Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar 1883–2003*, Fjarðabyggð: Fjarðabyggð, 2003, bls. 290–299; Lárus Halldórsson, „Svar til „Hreins og Beins“ (frh.)“, *Fróði* 27. júlí 1885, 169–173, hér 171–172.

⁴⁷ „Inngangsorð“, *Fríkirkjan* 1/1899, bls. 2–5, hér 2–3. Sjá: Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 184.

⁴⁸ Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók, bls. 2, 3–4, 7–8; Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar*, bls. 292.

⁴⁹ *DÍ. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til próf. í S.-Múlaprófastsd. 25. ágúst 1883; DÍ. Bps. CIII: 55. Bréfabók biskups 1882–1884. Biskup til landsh. 25. ágúst 1883.*

⁵⁰ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 213–214. Björn Jónsson ritstjóri *Ísafoldar* og síðar ráðherra leit svo á að fyrirmyndir að stofnun fríkirkjusafnaða hér hafi verið sóttar til Íslendinga og Norðmanna í Vesturheimi. „Fríkirkja hér í bænum“, *Ísafold* 29. nóvember 1899, bls. 293–294, hér 294.

Þar sem ekki voru fordæmi fyrir uppákomu af þessu tagi né heldur lög til staðar er kváðu á um réttarstöðu fólks utan þjóðkirkju voru staða safnaðarins og réttindi safnaðarfólksins óljós þar til lög um utanþjóðkirkjufólk gengu í gildi snemma árs 1886.⁵¹ Fréttapistill úr Múlasýslum sem birtist í *Suðra* skömmu áður en Lárus Halldórsson var ráðinn til safnaðarins varpar ljósi á þessa óvissu. Þar segir að þeir Reyðfirðingar sem kalli sig „fríkyrkjumenn“ séu „eiginlega ekki neitt“ þar sem þeir hefðu hvorki kirkju né prest. Áleit „fréttaritarinn“ bæði kirkjuklofninginn í Reyðarfirði og þann óróleika sem hafði leitt af breytingum Lárusar á helgisiðum út í bláinn „[...] rétt eins og engin lög og engin stjórn væri í landinu.“⁵² Leit hann þar með á kirkjuklofninginn sem agamál í þjóðkirkjunni sem auðvelt væri að leysa með að heimila prestunum á Hólmum og Valþjófsstað að hafa brauðaskipti. Hann viðurkenndi þó að enn hefði ekkert verið gert til að gera fólki kleift að nýta sér þann rétt sem trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar veittu því.⁵³ Var m.a. gengið ríkt eftir að fríkirkjufólkið greiddi öll tilskilin gjöld til sóknarprests og -kirkju í þjóðkirkjunni. Samt sem áður stóðu kirkjur í prestakallinu fríkirkjusöfnuðinum ekki til boða. Var jafnvel efast um rétt þeirra til legs í kirkjugörðum. Fljótt var þó þeirri óvissu eytt. Prestsverk Lárusar höfðu heldur ekkert lagalegt eða borgaralegt gildi.⁵⁴ Meðan á þessu millibilsástandi stóð vann Lárus þó ýmis prestsverk fyrir söfnuð sinn.⁵⁵ Köllun hans var loks staðfest á grundvelli nýju laganna í byrjun árs 1887.⁵⁶

Söfnuðurinn reisti sér fljótt kirkju á Eskifirði.⁵⁷ Var það nokkrum vandkvæðum bundið þar sem timbur til byggingarinnar fékkst ekki keypt hjá kaupmönnum í fjórðungnum. Brá fríkirkjufólkið þá á það ráð að fá tilhoggna víði frá Noregi. Komst kirkjan undir þak haustið 1884 og var hin veglegasta í fjórðungnum.⁵⁸ Grafreitir fyrir fríkirkjufólk í innanverðum Reyðarfirði var vígður í október 1898 en fram til þess hafði fríkirkjufólkið notað kirkjugarðinn á Hólmum. Við vígsluna kom fram að fríkirkjumenn hefðu lengi fundið fyrir þörf fyrir eigin grafreit og fjallað um málið á safnaðarfundum. Þó mun hafa ráðið úrslitum að um þetta leyti lést maður sem hafði látið í ljós þá ósk að verða lagður til hvíldar í slíkum reit. Síðar var annar grafreitir tekinn í notkun í utanverðum firðinum.⁵⁹

⁵¹ Sjá. *DÍ*. Bps. CIII: 56. Bréfabók biskups 1884–1886. Biskup til landsh. 26. júlí 1884.

⁵² „Innlendar fréttir“, *Suðri* 19. maí 1883, bls. 37; Pétur Pétursson, *Til móts við nútímann*, bls. 239.

⁵³ „Innlendar fréttir“, *Suðri* 19. maí 1883, bls. 37. Sjá og: Leikmaður, „Það er annað hvort í ökla eða eyra“, *Norðanfangari* 23. apríl 1883, bls. 37. Þar var bent á að fólk yrði eftir sem áður að borga til kirkju og prests þótt það segði sig úr þjóðkirkjunni. Sjá og: Lárus Halldórsson, „Um hreifingar í kirkjumálum á Austurlandi“, *Fróði* 26. nóvember 1883, bls. 337–340.

⁵⁴ *Sjórnatíðindi* 1883 B, bls. 133–134 (Bréf Íslandsráðgjafans til landsh. 8. nóvember 1883); Jón Bjarnason, „Um kirkjumál Austfirðinga“, *Ísafold* 16. apríl 1884, bls. 61–63, hér 63; Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 179; Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar*, bls. 294–295, 296–298.

⁵⁵ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, *Frikkirkjan* 10/1899, bls. 150–157, hér 150. Sjá: „Presthólamálið“, *Frikkirkjan* 11/1900, bls. 174–176, hér 176.

⁵⁶ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 273.

⁵⁷ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Amtm. til landsh. [1]5. október 1898; Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar*, bls. 293.

⁵⁸ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 157; Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 184–187; Guðmundur Magnússon, *Saga Reyðarfjarðar*, bls. 295–298.

⁵⁹ „Vígður grafreitir“, *Frikkirkjan*, 1/1899, bls. 10–12. Þegar grafreitirinn var vígður hafði þegar verið grafið þar lík að beiðni hins látna en L.H. hafði beint umsókn sinni um upptöku reitsins til sýslumanns. Hann og amtmáður í Norður- og Austuramtí töldu málið heyra undir Íslandsmálaráðherra í Kaupmannahöfn en í Danmörku veitti kirkju- og kennslumálaráðuneytið kjörsöfnuðum hliðstæða heimild. Greftrunin hafði því farið fram í leyfisleysi. Áleit amtmáður gang málsins hafa sprottið af misskilningi og því virtist nægilegt að láta L.H. sæta áminningu

Frá upphafi voru safnaðarmenn rúmlega 300 en fjölgaði nokkuð er nær dró aldamótum og voru full 400 árið 1899.⁶⁰

Lárus Halldórsson flutti til Reykjavíkur 1899 og réðst þá Þorvarður Brynjólfsson (1863–1925) guðfræðikandidat til þjónustu við söfnuðinn en hann hafði þegar hlotið staðfestingu sem forstöðumaður fríkirkjusafnaðar á Völlum. Þjónaði hann söfnuðinum í hjáverkum til 1901 er hann vígðist til þjónustu í Þjóðkirkjunni vestur á Fjörðum.⁶¹ Snemma árs 1901 óskaði landshöfðingi um-sagnar biskups um umsókn safnaðarins um staðfestingu á köllun Guðmundar Ásbjarnarsonar (1866–1925) cand. phil. sem presti safnaðarins.⁶² Hann hafði verið í Prestaskólanum um tveggja ára skeið um áratug áður en horfið frá námi og aðeins lokið þar forspjallsvísindum. Er umsóknin áhugaverð því að með henni fékkst úr því skorið hvort konungleg staðfesting fengist fyrir kjöri forstöðumanns sem ekki hefði embættisgengi í Þjóðkirkjunni.⁶³ Hallgrímur biskup veitti neikvæða umsögn og mælti landshöfðingi með að beiðninni yrði hafnað.⁶⁴ Þeir virðast þó ekki síður hafa horft til persónu Guðmundar en takmarkaðrar menntunar hans sem biskup taldi ekki meiri en hvers „óvalins stúdents“.⁶⁵ Í svari sínu tók Íslandsmálaráðuneytið í Kaupmannahöfn af skarið um að þrátt fyrir að um evangelísk-lútherskan söfnuð væri að ræða teldi það ekki rétt að krefjast tiltekinnar guðfræðimenntunar af tilvonandi forstöðumanni.⁶⁶ Dönsk stjórnvöld vildu því fylgja frjálslyndari stefnu hvað varðaði embættisgengið en biskup Íslands. Þar sem nýlegur, jákvæður vitnisburður lægi á hinn bóginn ekki fyrir um „[...] Vandel og personlige Forhold [...]“ Guðmundar kvað ráðuneytið að útvega yrði vottorð þar um frá viðkomandi sýslumanni eða prófasti.⁶⁷ Um miðjan nóvember 1901 tilkynnti landshöfðingi ráðuneytinu að af fram komnum gögnum virtist ekkert því til fyrirstöðu að kjör Guðmundar

fyrir þetta brot sitt. Biskup taldi túlkun amtmanns of stranga og ekki ætti að þyngja fríkirkjufólki með því að senda slíkar umsóknir utan. Hitt væri verra að umsóknin til sýslumanns hefði komið fram svo seint að sýnt hefði verið að um málamyndagjörning hefði verið að ræða. Taldi hann að grafa þyrfti líkið upp og flytja í kirkjugarð ef staðsetning grafreitsins stæðist ekki settar kröfur. Ekki varð þó um nein eftirmál að ræða og slapp L.H. við áminningu. *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Amtm. til landsh. [1]5. október 1898; *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Bisk. til landsh. 10. nóvember 1898; *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til amtm. 7. desember 1898; sama stað. Landsh. til bisk. 7. desember 1898. Sjá og: *DÍ. Bps. CIII: 68. Bréfabók biskups 1898–1899. Bisk. til prófasts í S.-Múl. 14. desember 1898; Guðmundur Magnússon, Saga Reyðarfjarðar*, bls. 295–296.

⁶⁰ „Tala fríkirkjumanna í Reiðarfirði“, *Fríkirkjan* 2/1899, bls. 31; „Tveir vegir [niðurl.]“, *Fríkirkjan* 6/1899, bls. 83–86, hér 84.

⁶¹ *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stiftsýfirvöld til landsh. 19. febrúar 1900; Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 447–448. L.H. hafði sagt upp þjónustu sinni 1895. Þá var skorað á hann að þjóna áfram en messudögum fækkað til að létta honum störf. *DÍ. Kirknasafn. Fríkirkjan í Reyðarfirði D/1. Gjörðabók*, bls. 47–48, 49.

⁶² *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til bisk. 27. mars 1901; sjá sama stað. Eyjólfur Eyjólfsson o.fl. til landsh. 9. mars 1901.

⁶³ „Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, *Fríkirkjan* 4/1901, bls. 55. „Fríkirkjusöfnuðurinn í Reyðarfirði“, *Fríkirkjan* 2/1902, bls. 31–32.

⁶⁴ *DÍ. Bps. CIII: 71. Bréfabók biskups 1901–1902. Bisk. til lands. 6. apríl 1901; DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa, B/288-1. Bréfasafn. Landshöfðingi til Ministeriet for Island 30. apríl 1901.

⁶⁵ *DÍ. Bps. CIII: 71. Bréfabók biskups 1901–1902. Bisk. til lands. 6. apríl 1901; DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa, B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 20. júní 1901.

⁶⁶ *DÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 20. júní 1901.

⁶⁷ Sama stað.

yrði staðfest.⁶⁸ Veitti konungur staðfestinguna 9. janúar 1902.⁶⁹ Gegndi Guðmundur stöðunni út rannsóknartímann og raunar allt til dauðadags.⁷⁰ Söfnuðurinn rann svo saman við þjóðkirkjuna að nýju 1930.⁷¹

Fríkirkjusöfnuður á Völlum

Árið 1892 var Vallanesprestakall sameinað Þingmúlaprestakalli. Samkvæmt lögum um sameininguna frá 1880 tók presturinn í Þingmúla við embættinu. Fannst mörgum í fyrrnefnda kallinu sem söfnuðurinn hefði þar með verið sviptur rétti til að hafa áhrif á val á presti sínum en á þessum tíma áttu söfnuðir þjóðkirkjunnar rétt á hluttöku í veitingu brauða á grundvelli laga þar um frá 1886.⁷² Sagði þá flest sóknarfólk í Vallanessókn sig úr þjóðkirkjunni. Mun fólk-ið til að byrja með hafa gengið í fríkirkjusöfnuðinn í Reyðarfirði.⁷³ Hér var fyrst og fremst um „prinsípsmál“ að ræða án þess að óánægja með prestinn sem í hlut átti hefði áhrif. Upphaflega mun fólk-ið líka hafa hugsað sér að hann þjónaði hópnum áfram og þá líklega sem nokkurs konar kjörprestur.⁷⁴ Ekki var heldur um ágreining út af kenningu eða helgisiðum að ræða.⁷⁵

Sótt var um konungsstaðfestingu á kjöri Þorvarðar Brynjólfssonar guðfræðikandídat sem forstöðumanns 1894 og fékkst hún rúmu ári síðar. Við undirbúning hennar var að undirlagi biskups tilskilið að söfnuðurinn hefði tryggt sér sæmilega kirkju eða bænhús, sem og að nákvæm skrá yfir safnaðar-fólk lægi fyrir. Á grundvelli hennar skyldi síðan afmarka starfssvæði prestsins. Ekkert af þessu var þó tilskilið í lögnum um utanþjóðkirkjufólk frá 1886. Um leið og staðfestingin var veitt tók Íslandsmálaráðuneytið með tilvísun til álits ædstu stjórnar kirkjumála í danska ríkinu að biskupi væri óheimilt að vígja Þorvarð til þessa hlutverks síns. Biskup hafði á hinn bóginn farið fram á heimild til slíks.⁷⁶ Hann tók, eins og fram er komið, vígslu í þjóðkirkjunni og flutti brott 1901. Í apríl 1902 sóttu trúnaðarmenn safnaðarins um sérstaka staðfestingu til handa forstöðumanni fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði, Guðmundi Ásbjarnar-syni, sem presti safnaðarins en hann var fús til að takast þjónustuna á hendur

⁶⁸ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til ministeriet for Island 12. nóvember 1901.

⁶⁹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 11. janúar 1902; sama stað. Landshöfðingi til bisk. og fulltrúa utanþjóðkirkjusafnaðarins 28. janúar 1902.

⁷⁰ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi* 1, bls. 197.

⁷¹ Sama stað.

⁷² *Stjórnartíðindi* 1880 A, bls. 10, 20 (l. nr. 3/1880, 1. og 2. gr.). *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2–7 (l. nr. 1/1886).

⁷³ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi* 1, bls. 170–171. Samkv. lögum nr. 1/1886 kaus söfnuður milli þriggja er landshöfðingi hafði með aðkomu biskups valið úr hópi umsækjenda. *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 2 (l. nr. 1/1886, 1. gr.); Magnús Jónsson, *Alþingi og kirkjumálin 1845–1943*, Reykjavík: Alþingissögugunefnd, 1952, bls. 39–40.

⁷⁴ Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar* 2, Reykjavík: Ljóðhús, 1980, bls. 202, 205, 338–339.

⁷⁵ Margir gengu og að nýju í þjóðkirkjuna er þeir þurftu á prestsverki að halda. Magnús Bl. Jónsson, *Endurminningar* 2, bls. 211–212.

⁷⁶ *Stjórnartíðindi* 1895 B, bls. 233–234 (bréf Íslandsmálaráðh. til landsh. 8. nóvember 1895); Páll Eggert Ólason, *Íslenskar aviskrár* 5, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1952, bls. 251; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi* 1, bls. 170. Tveimur áratugum síðar eða 1915 vígði Þórhallur Bjarnarson biskup Stefán Björnsson til þjónustu við fríkirkjusöfnuð í Fáskrúðsfirði. Þá tók biskup ákvörðun um vígsluna að höfðu oformlegu samráði við ráðherra kirkjumála. *Df.* Bps. 1994 E/8. Biskup til stjr. 1. október 1915; *Df.* Bps. 1994 E/8. Biskup til Stefáns Björnssonar 3. október 1915 (vígslubréf).

í hjáverkum.⁷⁷ Að höfðu samráði við biskup mælti landshöfðingi með að beiðnin yrði veitt.⁷⁸ Féllst konungur á umsóknina í júlí 1902.⁷⁹

Undir lok rannsóknartímans (1914) reisti frikkirkjufólkið sér kirkju á Ketilsstöðum. Lifði hún söfnuðinn og var stöku sinnum embættað í henni á vegum Þjóðkirkjunnar, síðast á páskum 1930.⁸⁰ Ekki kom söfnuðurinn sér upp kirkju-garði en heimagrafreitir voru teknir upp á Ketilsstöðum og í Arnkelsgerði en bændur á báðum stöðunum tilheyrðu söfnuðinum. Þá kann stofnun heima-grafreits á Egilsstöðum að hafa tengst söfnuðinum en þá var starf hans þó að fjara út.⁸¹ Á báðum stöðunum voru almenn skilyrði um heimagrafreiti vanhald-in. Hvorugur reiturinn var vígður af sóknarpresti eins og gert var ráð fyrir. Þá dróst að reiturinn í Arnkelsgerði væri girtur og hvorugur leyfishafinn skeytti um að greiða legkaup til Vallaneskirkju vegna þeirra sem grafin voru í reitun-um. Þá var a.m.k. í eitt skipti, skömmu eftir að rannsóknartímabilinu lýkur, beitt andstöðu við prófastsvisitasíu á öðrum staðnum en prófastar skyldu líta eftir reitunum í hvert skipti sem þeir vísiteruðu sóknarkirkjuna.⁸² Vildi biskup að ráðin yrði bót á í þessum efnum en taldi þó ekki rétt að þröngva vígslu reitanna upp á umráðamenn þeirra.⁸³

Við prestaskipti í Vallanesi 1925 sameinaðist söfnuðurinn Þjóðkirkjunni enda gat sóknarfólkið nú tekið þátt í prestskosningum.⁸⁴

„Hinn evangelísk-lúterski frikkirkjusöfnuður í Reykjavík“

Haustið 1899 hófst undirbúningur að stofnun frikkirkjusafnaðar í Reykjavík. Víða var látið að því liggja að ástæðan hafi verið óánægja með aukna gjald-skyldu manna til Þjóðkirkjunnar en 1891 og 1899 hækkuðu sóknargjöld í þétt-býli án þess að kirkjuleg þjónusta ykist. Breytingarnar komu illa niður á hluta bæjarbúa. Þeir sem um málið fjölluðu voru þó á því að þetta gæti ekki verið aðalástæða þess að söfnuðurinn var stofnaður heldur hafi stöðugt vaxandi óánægja með Þjóðkirkjufyrirkomulagið vegið mun þyngra.⁸⁵ Þá taldi Jón Bjarnason prestur í Vesturheimi að miklu hefði skipt að Reykjavík væri orðin einum prestri ofviða og að þörf væri þar fyrir tvo eða jafnvel þrjá presta. Þetta

⁷⁷ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Jón Bergsson, Gunnar Pálsson, Nikulás Guðmunds-son til landsh. 20. apríl 1902.

⁷⁸ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til ministeriet for Island 18. júní 1902.

⁷⁹ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 22. júlí 1902; sama stað. Landsh. til bisk. og fulltrúar utanþjóðkirkjusafnaðarins 8. ágúst 1902.

⁸⁰ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 171; Sveinn Einarsson, „Skógar og Vellir“, *Sveitir og jarðir í Múlapingi* 2, [án útgst.]: Búnaðarsamband Austurlands, 1975, bls. 123–186, hér 127, 176.

⁸¹ Hjalti Hugason, „Ástæður fyrir stofnun heimagrafreita á Íslandi: Rannsókn á umsóknargögnum í Þjóðskjalasafni“, *Árbók Hins íslenska fornritafélags* 110/2021, bls. 7–41, hér 27–28.

⁸² *Df.* CIII:78. Bréfabók biskups 1909–1910. Bisk. til stj. 22. desember 1909; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/690-1. Bréfasafn. Prófastur í S.-Múl. til stj. 16. júlí 1918; Hjalti Hugason, „Jarðsett verður í heimagrafreit.“ Nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga á nitjándu og tuttugustu öld“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 51/2020, bls. 23–43, hér 34–35, *timarit.is*, sótt 26. janúar 2023 af <https://timarit.is/ritroegudfraedistofnunar/article/view/66/103>.

⁸³ *Df.* Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1909–1910. Bisk. til prófests í S.-Múl. 22. desember 1909.

⁸⁴ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 170–171.

⁸⁵ *Df.* Bps. CIII: 78. Bréfabók biskups 1901–1902. Bisk. til landsh. 6. apríl 1991; *Stjórnartíðindi* 1891 A, bls. 54 (l. nr. 21/1891.); *Stjórnartíðindi* 1900 A, bls. 86–89 (l. nr. 16/1900, einkum 2. gr.). Kirkjugjald af húsum hækkaði með lögum þessum. „Frikirkja hér í bænum“, *Ísafold* 29. nóvember 1899, bls. 293–294; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, sjá og *Sameiningin* 11/1900, bls. 161–164, hér 161–162; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 52–55, hér 52–54; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 239–241; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 480.

hefði leitt til kirkjulegrar hnignunar.⁸⁶ Þá benti Lárus Halldórsson á að dómkirkjan væri engan veginn nógu stór fyrir jafnfjölmennan söfnuð og væri því brýnt að væntanleg kirkja frikirkjusafnaðarins gæti rúmað nægilega marga þótt hún yrði þá hugsanlega of stór fyrir söfnuðinn sjálfan.⁸⁷ Mergurinn málsins er að þegar dró að aldamótunum 1900 var fólksfjölgun ör í Reykjavík. Dómkirkjan var eina kirkja bæjarins og við hana var aðeins eitt prestsembætti. Kirkjuleg þjónusta var því tæpast sem skyldi. Við veitingu prestakallsins 1890 fengu talsmenn iðnaðar- og verkamanna ekki sinn mann í hóp þeirra þriggja umsækjenda sem söfnuðurinn mátti nú kjósa um samkvæmt lögnum um veitingu brauða frá 1886. Eins og drepíð hefur verið á hafði stofnun safnaðarins og þær undirtektir sem hún hlaut því stéttapólitíska hlið.⁸⁸

Fyrsta skrefið í átt að stofnun safnaðar var að í september 1899 var tekið að safna undirskriftum undir svohljóðandi yfirlýsingu:

Vér undirskrifaðir, sem erum óánægðir með ýmislegt í fyrirkomulagi þjóðkirkjunnar, og komnir til þeirrar sannfæringar að frikirkjufyrirkomulagið muni reynast heppilegra og sé eptir hlutarins eðli í alla staði réttara, lýsum því hér með yfir, að vér viljum taka þátt í að stofna frikirkjusöfnuð hér í Reykjavík. Vér viljum fylgja málefni þessu fram í einum anda með stillingu og staðfestu, og gjöra allt sem í voru valdi stendur til þess, að það megi fá góðan framgang og verða til eflingar sannri trú og siðgæði meðal vor.⁸⁹

Af þessu er ljóst að í tilviki frikirkjusafnaðarins í Reykjavík hafa dæmigerðar frikirkjuhugmyndir komið við sögu.

Jóhann Þorkelsson (1851–1944) dómkirkjuprestur mun hafa fagnað stofnun safnaðarins og vænst af henni „[...] nýrrar lífsglæðingar í dómkirkjusöfnuðinum og kirkjulegrar samkeppni.“⁹⁰

Virðast þar koma fram athyglisverð samkirkjuleg eða *ekumenísk* sjónarmið án þess að það fyrirbæri hafi verið þekkt í kirkjulegri umræðu hér á landi um þetta leyti.

Undirbúningsfundur var síðan haldinn snemma í nóvember. Þar skýrði Lárus Halldórsson, sem þá var nýfluttur til bæjarins, frá fyrirkomulagi frikirkjusafnaða og svaraði fyrirspurnum. Þá var samþykkt í einu hljóði að óska eftir að hann gæfi kost á sér í starf forstöðumanns og gaf hann jákvætt svar um það á fundinum. Að mati Jóns Bjarnasonar átti Lárus Halldórsson ekki frumkvæði að stofnun safnaðarins þótt flutningur hans til bæjarins hafi skipt máli.⁹¹ Loks var kosin fimm manna nefnd til að semja frumvarp til laga fyrir söfnuðinn.⁹² Skömmu síðar voru lög svo samþykkt og köllun Lárusar til eins árs staðfest. Þá var kjörin fimm manna stjórn og tveir menn í safnaðarráð ásamt prestinum.⁹³ Skorað var á þau sem þátt tóku í stofnun safnaðarins að undirrita lög

⁸⁶ „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 163–164; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 52–55, hér 54–55.

⁸⁷ „Kirkjubýggingin“, *Frikirkjan* 1/1902, bls. 14–16, hér 15–16.

⁸⁸ *Sjónartíðindi* 1886 A, bls. 2 (l. nr. 1/1889 gr. 2); Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 239–241; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdæmi* 1, bls. 480.

⁸⁹ „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 166.

⁹⁰ „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 163. Sjá og: „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 52–55, hér 54.

⁹¹ „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 162–163. Sjá og: „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 54.

⁹² „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 166–167.

⁹³ „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 167–169; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 162–163; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 54.

hans og skrá auk þess nöfn sín og þeirra heimilismanna sinna er segðu sig úr þjóðkirkjunni á sérstakan lista. Skyldi úrsögnin taka gildi að fáeinum dögum liðnum og safnaðarfulltrúunum falið að tilkynna dómkirkjuprestinum um hana. Þá var samþykkt að safnaðarmenn tækju þegar að fela presti sínum auka- verk og að guðsþjónustur hæfust strax og fundið væri húsnæði fyrir þær.⁹⁴ Var söfnuðurinn þar með formlega kominn á laggirnar.⁹⁵ Fyrsta guðsþjónustan var svo haldin 1. sd. í aðventu 1899 og fóru þær reglulega fram eftir það.⁹⁶

Síðla árs 1899 óskuðu fulltrúar safnaðarins eftir að kjör Lárusar Halldórs- sonar yrði staðfest af konungi.⁹⁷ Í bréfi landshöfðingja til ráðherra Íslandsmála kom fram að hann teldi staðfestinguna ekki geta orðið fyrir en söfnuðurinn hefði sýnt fram á að hann hefði útvegað sér fullbúið kirkjuhús til guðsþjónustu- halds sem ekki væri notað til annars. Vísaði hann í því efni til sams konar skil- yrðis fyrir staðfestingu á prestri fyrir frikirkjusöfnuðinn í Vallanesprestakalli.⁹⁸ Eins og fram er komið settu lögín frá 1886 ekki þennan fyrirvara. Hann kom því til vegna stjórnvaldsákvörðunar. Ráðuneytið aflaði strax staðfestingar kon- ungs sem þó var háð því að fullbúið guðshús fengist.⁹⁹ Nokkrum dögum síðar tilkynnti landshöfðingi svo að söfnuðurinn hefði fengið samkomuhús Góð- templara til afnota.¹⁰⁰ Eigi að síður sá ráðuneytið sér ekki færst að ganga endan- lega frá staðfestingunni þar sem enn vantaði skrá yfir nöfn og heimili þeirra sem gengið höfðu í söfnuðinn. Fyrmæli um það var þó ekki að finna í lög- unum. Þá taldi ráðuneytið húsaleigusamninginn í of lausum böndum. Yrði m.a. að tryggja að nota mætti Góðtemplarahúsið uns kirkja safnaðarins væri risin eða að minnsta kosti að samið yrði um gagnkvæman þriggja mánaða upp- sagnarfrest.¹⁰¹ Konungleg staðfesting var loks formlega veitt í apríl 1900.¹⁰² Sýnir þetta að verklag við staðfestingu forstöðumanna var nú í mótun og að í framtíðinni skyldi gæta nákvæmrar stjórnsýslu í því efni.

Á fundi í ársbyrjun 1900 hófst undirbúningur undir kirkjubyggingu með því að stofnað var til samskota til að kaupa hentuga lóð.¹⁰³ Stefnt var að því að gera mætti grunn undir kirkjuna þá um haustið og veturinn en reisa bygginguna sumarið eftir. Þá var og rætt um kaup á vönduðu hljóðfæri.¹⁰⁴ Upphaflega var hugmyndin að reisa kirkjuna í Þingholtunum á „austurhæð bæjarins“ þar sem byggðin breiddist nú mest út til austurs, auk þess að þarna væri fagurt útsýni.

⁹⁴ „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 169.

⁹⁵ „Stofnun frikirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 167, 169; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 162; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 52–55, hér 54.

⁹⁶ „Guðsþjónustur frikirkjusafnaðarins“, *Frikirkjan* 1/1900, bls. 16; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Sameiningin* 11/1900, bls. 163; „Kirkjuleg bylting í Reykjavík“, *Frikirkjan* 4/1900, bls. 52–55, hér

⁹⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Fulltrúar [frikirkju]-safnaðarins til landsh. 21. nóvember 1899.

⁹⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til ministeriet f. Island 5. desember 1899.

⁹⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet f. Island til landsh. 15. janúar 1900; sjá á sama stað. Landsh. til bisk. og fulltrúa frikirkjusafnaðarins 9. febrúar 1900; „Konungsráðgjafi“, *Frikirkjan* 2/1900, bls. 31–32.

¹⁰⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Landsh. til ministeriet f. Island 12. febrúar 1900; sama stað. Yfirlýsing 27. mars 1900.

¹⁰¹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 9. mars 1900; sama stað. Landsh. til fulltrúa [frikirkju]-safnaðarins 19. apríl 1900.

¹⁰² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 14. apríl 1900.

¹⁰³ „Frikirkjufundur“, *Frikirkjan* 1/1900, bls. 16.

¹⁰⁴ „Safnaðarfundur“, *Frikirkjan* 10/1900, bls. 158–160, hér 158.

Ein kirkja yrði þannig í hvorum bæjarhluta.¹⁰⁵ Þessi áform náðu þó ekki fram að ganga heldur var keypt lóð við bakka Tjarnarinnar og hafist handa við grunnkirkjunnar veturinn 1901–1902 og sjálfa bygginguna sumarið eftir.¹⁰⁶ Var kirkjan vígð 1903.¹⁰⁷

Snemma kom í ljós að Lárus Halldórsson var langt í frá ánægður með frumkvæði safnaðarfólks og þótti það ekki allt brenna fyrir fríkirkjuhugsjóninni. Framan af var talið að konur hefðu síður áhuga á málefnum en karlar.¹⁰⁸ Kann það að stafa af því að stofnun safnaðarins hafi öðrum þræði upplifast sem pólitískt málefni. Konurnar gengu þó eigi að síður vasklega fram í fjáröflun fyrir kirkjubygginguna.¹⁰⁹ Árið 1901 var einnig stofnað kvenfélag í söfnuðinum. Markmið þess var að einkum að glæða gott siðferði meðal safnaðarins og efla kristlegt heimilislíf auk þess að styðja fríkirkjumálefnið og framkvæmdir safnaðarins af fremsta megni.¹¹⁰ Konurnar voru því síður en svo óvirkar í söfnuðinum þótt áhugi þeirra beindist e.t.v. einkum að innri málefnum hans.

Árið 1903 kom til deilna um áframhaldandi störf Lárusar fyrir söfnuðinn sem enduðu með starfslokum hans.¹¹¹ Ástæðan var sú að hann vék frá hefðbundnum helgisíðum eins og þeir voru framkvæmdir í Þjóðkirkjunni. Sýnir það að söfnuðurinn var ekki stofnaður vegna ágreinings um innri mál kirkjunnar, þ.e. vegna kirkju- eða trúarlegs skoðanamunar. Eitthvað var þó um að þeir sem aðhylltust aðrar trúarskoðanir en dómkirkjuprestarnir gengju í söfnuðinn sem og fylgjendur aðskilnaðar ríkis og kirkju.¹¹² Var Ólafur Ólafsson (1855–1937), sem verið hafði prestur í Arnarbæli, þá kallaður til safnaðarins. Hann fékk staðfestingu konungs í lok árs 1903 og starfaði út rannsóknartímabilið.¹¹³ Söfnuðurinn starfar sem kunnug er enn af kappi.

„Hinn evangelíski-luterski fríkirkjusöfnuður í Norður-Þingeyjarbæði“

Halldór Bjarnarson (1855–1945) vígðist til Presthóla í Núpasveit 1884 en kallið skiptist í Presthóla- og Ásmundarstaðasóknir. Kom brátt til langvarandi nágrannaerja milli hans og einhvers hluta sóknarfólks í heimasókninni sem komu til kasta dómstóla á öllum stigum.¹¹⁴ Leiddu þær til að honum var vikið frá

¹⁰⁵ „Kirkjubyggingin“, *Frikkirkjan* 2/1901, bls. 17–19, hér 18–19. Síðar talað um svæðið „milli Laugavegar og Laufásstígs“. „Kirkjubyggingin“, *Frikkirkjan* 1/1902, bls. 14–16, hér 14.

¹⁰⁶ „Kirkjubyggingin“, *Frikkirkjan* 1/1902, bls. 14–16; „Kirkjubyggingin“, *Frikkirkjan* 5/1902, bls. 79–80.

¹⁰⁷ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 239–241; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 480.

¹⁰⁸ *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Jón Sigurðsson til det islandske ministerium í Kjöbenhavn 10. febrúar 1903; „Safnaðarfundur“, bls. 159–160; „Kirkjubyggingin“ *Frikkirkjan* 2/1901, bls. 17–19, hér 18–19. Sjá: „Dómur um fríkirkjuhreyfinguna“, *Frikkirkjan* 4/1901, bls. 50–52, hér 50–51.

¹⁰⁹ „Kirkjubyggingin“, *Frikkirkjan* 2/1901, bls. 17–19, hér 17–18.

¹¹⁰ „Kvenfélagið“, *Frikkirkjan* 4/1901, bls. 52–53; „Lög fyrir Kvennfélag fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík“, *Frikkirkjan* 4/1901, bls. 53–55.

¹¹¹ *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. 19 safnaðarmenn til ministeriet for Island 8. febrúar 1903. (Þýðing); *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. 11 safnaðarmenn til det islandske ministerium í Kjöbenhavn 10. febrúar 1903; *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Jón Sigurðsson til det islandske ministerium í Kjöbenhavn 10. febrúar 1903.

¹¹² Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 239.

¹¹³ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 313–314.

¹¹⁴ „[N.-Þingeyarsýslu (Núpasv.) 2. maí]“, *Ísafold* 34/1900, bls. 135; „Presthólamálið“, *Frikkirkjan* 11/1900, bls. 174–176; „Presthólamálin II“, *Fjallkonan* 7/1901, bls. 2–3. Sjá og: *Kirkjustjórn vor í uppbafi tvítugustu aldar*, 2. útg. með formála og ágrípi af ævisögu séra Halldórs Bjarnarsonar í Presthólum, Reykjavík: Fornbókaverzlun Kr. Kristjánsson, 1958.

embætti tímabundið 1897 og veitt lausn 1900. Í kjölfarið gekk flest sóknarfólk í útsókninni úr Þjóðkirkjunni, lýsti yfir forræði sínu yfir sóknarkirkjunni, kaus Halldór prest sinn og sótti um staðfestingu á ráðningu hans. Lagðist kirkjustjórnin í fyrstu gegn umsókninni.¹¹⁵ Íslandsmálaráðherra í Kaupmannahöfn úrskurðaði að lokum að áður en staðfesting gæti fengist yrði að sanna fyrir ráðuneytinu að söfnuðurinn hefði yfirráð yfir húsi sem hæfði til guðsþjónustu og annarra kirkjulegra athafna. Gæti það verið kirkjan á Ásmundarstöðum. Henni yrði þó fyrst að skila Þjóðkirkjunni aftur og gera formlegt samkomulag um sameiginlega notkun og rekstur með þeim sóknarbörnum sem kysu að vera áfram í Þjóðkirkjunni.¹¹⁶ Á sama méli fékk Halldór þó veitingu fyrir kallinu að nýju (1901) og lagðist frikkirkjusöfnuðurinn þá af.¹¹⁷

Tildrögin að stofnun frikkirkju í Presthólaprestkalli voru deilur milli sóknarprests og næstu nágranna hans. Var sá skilningur útbreiddur að presturinn stæði sjálfur að baki kirkjuklofningnum öfugt við það sem gerðist í tilviki annarra frikkirkjusafnaða þar sem frumkvæðið kom frá almenningi. Ekki er þó fyrir það að synja að þau sem bjuggu fjær Presthólum og stóðu frekar utan við deilurnar hafi raunverulega viljað halda Halldóri sem presti sínum.¹¹⁸ Hæpið er þó að líta á söfnuðinn sem hluta af kirkjulegri lýðræðishreyfingu. Vegna skamms starfstíma kemur hann heldur ekki mikið við sögu. Þó verður vikið að honum þegar málefni hans geta varpað ljósi á þróun frikkirkjusafnaða almennt.

Frikkirkja í Gaulverjabæjarsókn

Gaulverjabæjarprestakall sem, auk heimasóknarinnar, náði yfir Villingaholts-sókn var lagt niður með lögum 1907 og sóknin í Gaulverjabæ sameinuð Stokkseyrarsókn árið eftir. Gætti í kjölfarið óánægju og sagði allt sóknarfólkið sig úr Þjóðkirkjunni. Var Þórhalli Bjarnarsyni sem á þessum tíma hafði að mestu tekið við biskupsembættinu tilkynnt um stofnun frikkirkjusafnaðar í sókninni og ráðningu prests 1909.¹¹⁹ Hann lýsti yfir að hann sæi ekkert til fyrirstöðu að söfnuðurinn kæmist á og að hinn kjörni utanþjóðkirkjuprestur, Runólfur Runólfsson (1851/2–1929), fengi þegar í stað staðfestingu á köllun sinni. Þá hefði fyrirrennari sinn í embætti, Hallgrímur Sveinsson, litið svo á að prestsvígsla Runólfs í Vesturheimi væri góð og gild og væri hann því samþykktur því. Viðurkenningarferlið hafði nú verið einfaldað á þann máta að ráðherra Íslands hafði fengið vald til að staðfesta kjör forstöðumanns. Ennfremur gerði Þórhallur ráð fyrir að söfnuðurinn sýndi síðar fram á að fólk greiddi þar til prests síns ekki lægri upphæð en því hefði borið að greiða í Þjóðkirkjunni. Sú

¹¹⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Fulltrúar frikkirkjusafnaðarins til landsh. 25. júní 1900; sama stað. Fulltrúar frikkirkjusafnaðarins til landsh. 11. september 1900; „Presthólamálið“, *Frikkirkjan* 11/1900, bls. 174–176, hér 175; „Presthólamálin: I“, bls. 1–2; „Presthólamálin: II“, bls. 2–3; „Presthólamálin: III“, bls. 1; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 496.

¹¹⁶ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Ministeriet for Island til landsh. 20. júní 1901; sama stað. Landsh. til bisk. 31. júlí 1901.

¹¹⁷ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 496.

¹¹⁸ „Presthólamálið“, *Frikkirkjan* 11/1900, bls. 174–176.

¹¹⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Árni Símonarson, Guðm. Þorkelsson, Ólafur Guðmundsson, Halldór Sigurðsson, Guðm. Hannesson til stj. 29. ágúst 1909; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Kosningagjörð [22. ágúst 1909]; sama stað, Runólfur Runólfsson til stj. 6. september 1909; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 325, 327–328.

viðmiðun hafði nú verið sett í nýjum sóknargjaldalögum fyrir gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni.¹²⁰ Var gjaldakrafa til fríkirkjufólks því aukin og hún bundin við það sem gerðist í þjóðkirkjunni en á fleiri sviðum var kostað kapps um að móta fríkirkjusöfnuðina að starfsháttum hennar (sjá aðra grein í þessum flokki). Hvað kirkjuhluta sóknargjaldsins snerti kvað hann skuldbindingar safnaðarfólksins þegar nema hærrí upphæð árlega en tilskilið var í lögnum.¹²¹ Runólfur hafði snúist til mormónatrúar í Ameríku en horfið frá henni, tekið lútherska trú að nýju og þjónað sem prestur í Spanish Fork.¹²² Með því að viðurkenna vígslu hans sýndu þeir Hallgrímur og Þórhallur samkirkjulega afstöðu.

Starf safnaðarins stóð í nokkur ár. Síðla árs 1916 var hann orðinn prestslaus og sameinaðist upp úr því þjóðkirkjunni.¹²³

„*Hinn evangelíski-lúterski fríkirkjusöfnuður í Hafnarfirði, Garða- og Bessastaðahreppum*“

Seint í apríl 1913 var haldinn fundur í barnaskólahúsi Hafnarfjarðar til að taka ákvörðun um hvort stofna ætti fríkirkjusöfnuð er næði yfir Hafnarfjarðar-kaupstað og Garða- og Bessastaðahreppi. Könnun hafði leitt í ljós að um 100 manns væru hlynnt stofnuninni og var allmargt úr þeim hópi mætt á fundinn. Þar kom fram að Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur í Reykjavík væri fús til að taka að sér prestsþjónustu, að minnsta kosti fyrst um sinn, ásamt söfnuði sínum í Reykjavík og var hann á fundinum.¹²⁴ Þá lá fyrir yfirlýsing um að hússtjórn Góðtemplarahússins í Hafnarfirði veitti söfnuðinum heimild til að nota það til guðsþjónustuhalds framvegis.¹²⁵ Niðurstaða fundarins var jákvæð og nokkrum dögum síðar sótti safnaðarstjórnin svo um staðfestingu á ráðningu Ólafs.¹²⁶

Stjórnarráðið bar málið að venju undir biskup. Hann kvað að þrátt fyrir að sameiningar prestakalla væru oft álitnar fýsilegur kostur gæti hann vart hugsað sér að nokkrum þætti koma til mála að sameina Reykjavík og Hafnarfjörð í eitt prestakall. Nú væri á hinn bóginn farið fram á að stofnuð væri „annexíusókn“ fríkirkjuprestsins í höfuðstaðnum sem næði að sínu leyti yfir allt hið forna Garðaprestakall. Þar sem nýi söfnuðurinn væri þó „fremur fámennur“ þótti

¹²⁰ *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 202, 204 (l. nr. 40/1909, 2. og 7. gr.); *Stjórnartíðindi* 1904 A, bls. 20 (l. nr. 6/1904, 1. gr.).

¹²¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/59-31. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 30. október 1909; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 204 (l. nr. 40/1909, 7. gr.).

¹²² Runólfur Runólfsson (Stóra-Gerði), *heimasloð.is*, sótt 23. nóvember 2022 af [https://heimasloð.is/index.php/Rubolfur_Runolfsson_\(Stóra-Gerði\)](https://heimasloð.is/index.php/Rubolfur_Runolfsson_(Stóra-Gerði)); sjá og á sama stað: „The Runolfs-sons“, *The First Icelandic Settlement in America*.

¹²³ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófestsdama* 1, bls. 325, 327–328.

¹²⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Fundargerð [dags. vantar]. Sjá og: ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Yfirlýsing Ólafs Ólafssonar 25. apríl 1913; Björn Pétursson, Jóhann G. Reynisson og Sigríður Valdimarsdóttir, *Löksins klukknaþjómur: Saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði í 100 ár*, Hafnarfirði: Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði, 2013, bls. 21–30.

¹²⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Yfirlýsing Alberts Kristinssonar 25. apríl 1913.

¹²⁶ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stjórn Fríkirkjusafn. í Hafnarfirði til stjr. 25. apríl. 1913.

honum þó ekki fjarstæða að Ólafur gæti annað honum jafnframt sínum eigin söfnuði.¹²⁷ Í maí 1913 staðfesti stjórnarráðið svo kjörið.¹²⁸

Á þessum tíma var Hafnarfjörður hluti af Garðasókn og sóttu bæjarbúar kirkju þangað. Þegar um 1880 hafði komið til tals að reisa nýja kirkju fyrir sóknina í Hafnarfirði ef söfnuðurinn væri fús til að taka við forræði yfir henni en rekstur Garðakirkju þá var í höndum sóknarprests. Úr þessu varð ekki og var þá reist ný kirkja úr steini í Görðum og festi það ríkjandi ástand í sessi. Með fjölgun bæjarbúa varð stöðugt meira áberandi að skipan kirkjunnar í héraði hélst ekki í hendur við búsetudreifingu á svæðinu. Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi 1908 og ýtti það undir kröfur um að kirkja yrði reist í þéttbýlinu. Beittu vaxandi stéttir iðnaðar- og verslunarmanna sér ekki síst í málinu. Árið 1910 var Garðakirkja afhent söfnuðinum með því skilyrði að ný kirkja yrði reist í Hafnarfirði. Það dróst þó enn og var það helsta ástæða þess að fríkirkjusöfnuðurinn var stofnaður og hóf þegar kirkjubyggingu. Var hún vígð í desember 1913. Kirkja í Hafnarfirði á vegum þjóðkirkjunnar var á hinn bóginn ekki vígð fyrr en í árslok 1914.¹²⁹

Söfnuðurinn starfar sem kunnugt er enn af kappi.

„Hinn evangelíski-lúterski fríkirkjusöfnuður í Fróðárhreppi“

Á utanverðu Snæfellsnesi háttaði svo til að 1891 var ákveðið að kirkjan á Fróðá skyldi víkja fyrir sóknarkirkju í Ólafsvíkurborpi og varð breytingin að veruleika árið eftir.¹³⁰ Var þetta viðleitni til að fylgja búsetuþróun á svæðinu eftir. Íbúar þess hluta Fróðárhrepps er lá milli Fróðár og Búlandshöfða töldu breytinguna aftur á móti torvelda sér kirkjusókn og óskuðu 1913 eftir að stofnuð yrði ný sókn í Ólafsvíkurstakalli með kirkju á Brimilsvöllum sem þóttu vel í sveit settir.¹³¹ Um þessar mundir var sóknarfólk í Ólafsvíkursókn um 700 manns. Þar af bjuggu um 200 utan kaupsinsins. Fyrir dálítinn hluta af þeim taldi biskup að hægara væri að sækja kirkju til Ólafsvíkur en til dæmis að Brimilsvöllum.¹³² Kirkjuþyrirvöld voru samt meðmælt því að kirkja yrði reist að Brimilsvöllum, auk kirkjunnar í Ólafsvík. Tillaga í þessa veru féll þó á jöfnum atkvæðum á safnaðarfundum síðla árs 1913.¹³³ Stafaði andstaðan án efa af því að söfnuðurinn

¹²⁷ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stjr. til bisk. 30. apríl 1913; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 5. maí 1913.

¹²⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa B/288-1. Bréfasafn. Stjórn Fríkirkjusafn. í Hafnarfirði til stjr. 25. apríl 1913; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Stjórnarráðið til Ólafs Ólafssonar 8. maí 1913; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 428–429, 434.

¹²⁹ Bent hefur verið á að veiting sóknarprestsembættisins 1913 kunni að hafa haft einhver áhrif í þessu sambandi. Björn Pétursson o.a., *Loksins klukknaþjómur*, bls. 19–20, 30–32, 37–39; Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, bls. 241; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 428–429, 434.

¹³⁰ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 4. september 1913; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Guðm. Einarsson til stjr. 10. nóvember 1913; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 112–113.

¹³¹ Einungis þrjú bændur höfðu ekki undirritað beiðnina. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Guðm. Einarsson til stjr. 30. september 1913; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 117.

¹³² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 4. september 1913.

¹³³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Stefán Kristjánsson, Jón Proppé og Magnús Kristjánsson til stjr. 15. nóvember 1913; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 117. Andstaðan hefur líklega ráðist af bágrri skuldastöðu kirkjunnar í Ólafsvík; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 4. september 1913; *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Sigurður Gunnarsson próf. til bisk. 12. desember 1913.

var enn skuldugur vegna kirkjubyggingarinnar í Ólafsvík. Sóknarpresturinn var þeirrar skoðunar að heimafólk ætti að ráða sem mestu um hvar kirkja þess væri en þeim sem helst beittu sér fyrir breytingunni myndist þau ekki eiga neina kirkju eftir flutninginn frá Fróðá til Ólafsvíkur. Þá taldi presturinn nýja kirkju að Brimilsvöllum líklega til að auka trúarlíf í sókninni og óttaðist að stofnað yrði til fríkirkju næði óskín ekki fram að ganga.¹³⁴ Olli niðurstaða safnaðarfundarins enda að hreyfing óx í þá veru þótt það væri fólkinu ekki efst í huga.¹³⁵

Eitt fyrsta skrefið í að stofna söfnuðinn var umræðufundur sem haldinn var í júlí um sumarið. Þar var kosin nefnd til að semja frumvarp að lögum fyrir væntanlegan söfnuð. Síðar um sumarið var svo haldinn fundur á Brimilsvöllum fyrir það safnaðarfólk Ólafsvíkursóknar sem bjó í Fróðárhreppi. Fyrst var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum tillaga um að fundarfólk segði sig úr þjóðkirkjunni og stofnaði fríkirkjusöfnuð „innan Fróðárhrepps“.¹³⁶ Þá var samþykkt frumvarp að lögum óbreytt frá því sem nefndin hafði lagt fram.¹³⁷ Ennfremur var kosin fimm manna safnaðarstjórn og tveir safnaðarráðsmenn.¹³⁸ Ólafur Stephensen (1863–1934), er síðast hafði þjónað Mosfelli í Mosfellssveit en bjó nú embættislaus á Grund í Eyrarsveit, var kosinn prestur safnaðarins og var sótt um staðfestingu á kjöri hans strax í kjölfar fundarins.¹³⁹ Að venju leitaði stjórnarráðið umsagnar biskups við beiðninni.¹⁴⁰ Hann taldi Ólaf fullnægja öllum skilyrðum til staðfestingar en þóttist vita að hann ætlaði að búa áfram í Grundarfirði og yrði Búlandshöfði þá milli hans og safnaðarins, er torvelað gæti samskipti.¹⁴¹ Loks var samþykkt að fyrst um sinn yrði samkomuhús á Brimilsvöllum notað sem guðsþjónustuhús en stefnt að kirkjubyggingu og gerð grafreits þar á staðnum. Landeigandinn lýsti þegar í stað yfir að hann mundi leigja söfnuðinum landspildu undir kirkjuna og reitinn.¹⁴² Í því sambandi benti biskup á að héraðslæknir yrði að dæma um hvort hætta gæti stafað af fyrirhuguðum grafreitum en sú krafa hlyti einnig að eiga við um grafreiti utan þjóðkirkjunnar.¹⁴³

Í ársbyrjun 1914 lagði biskup til við stjórnarráðið að veitt yrði leyfi samkvæmt 4. gr. laga um skipan prestakalla frá 16. nóvember 1907 fyrir því að þáverandi Ólafsvíkursókn yrði skipt í Ólafsvíkur- og Brimilsvallasóknir þannig að nýja sóknin næði yfir svæðið milli Fróðár og Búlandshöfða; að skiptingin

¹³⁴ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Guðm. Einarsson til stj. 10. nóvember 1913. Prófastur var beiðninni einnig hliðhollur; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Sigurður Gunnarsson próf. til bisk. 12. desember 1913.

¹³⁵ Beiðnin var send stjórnarráðinu 15. nóvember 1913. Var þess þá vænst að stjórnarráðið samþykkti beiðnina „[...] þar sem ver frá byrjun höfum fremur aðhyllt þjóðkirkju en fríkirkju, ef þessi væri kostur.“ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Stefán Jónsson, Sigurður Eggertsson og Sigurður Ingimarsson til stj. 15. nóvember 1913.

¹³⁶ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Fundargerð 10. ágúst 1913 (afrit).

¹³⁷ Sama stað.

¹³⁸ Sama stað.

¹³⁹ Sama stað; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Kristján Loftsson, Björn Jóhannsson, Kristján Magnússon og Kristleifur Jónatansson til ráðherra 12. ágúst 1913. Sjá og: *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Ólafur Stephensen til stj. 11. ágúst 1913.

¹⁴⁰ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stj. 4. september 1913.

¹⁴¹ Sama stað.

¹⁴² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Fundargerð 10. ágúst 1913 (afrit). Sjá og: *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Ólafur Stephensen til stj. 11. ágúst 1913; *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Yfirlýsing 12. ágúst. 1913.

¹⁴³ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stj. 4. september 1913; *Stjórnaðind* 1902 B, bls. 145 (reglug. 12. júlí 1902).

gengi í gildi frá fardögum 1914 og að Ólafsvíkursókn yrði ein um eignir og skuldir kirkjunnar í þorpinu en nýja Brimilsvallasóknin kæmi sér upp kirkjuhúsi fyrir árslok 1915. Samkvæmt téðri grein var slík breyting nú möguleg án þátttöku Alþingis. Meðan á byggingu stæði átti nýja sóknin að eiga aðgang að Ólafsvíkurkirkju og kirkjugarðinum þar gegn hálfu kirkjugjaldi í eitt ár ef kirkjan kæmist upp fyrir árslok 1914 en ella í tvö ár.¹⁴⁴ Hannes Hafstein (1861–1922) ráðherra úrskurðaði að atkvæði skyldu greidd um tillöguna heima fyrir en ekkert væri til fyrirstöðu er jákvæð úrslit hennar lægju fyrir.¹⁴⁵ Í lok mars var svo haldinn aukasafnaðarfundur og voru atkvæði enn jöfn.¹⁴⁶ Staðfesting á köllun Ólafs tafðist meðan á þessu stappi stóð.¹⁴⁷ Biskup skýrði stjórnarráðinu loks frá að litlar líkur væru fyrir að samstaða næðist vestra um sóknarskiptinguna. Taldi hann því einsýnt að staðfestingin ætti að veitast frá fardögum 1914.¹⁴⁸ Í lok maí staðfesti stjórnarráðið svo kjör Ólafs.¹⁴⁹

Í ágúst 1913 höfðu 142 gjaldendur verið skráðir í söfnuðinn, 48 konur og 39 karlar fimmtán ára og eldri, auk 55 barna og kom fólkið af 25 heimilum.¹⁵⁰ Taldi biskup að fólk á átta til tíu býlum tæki ekki þátt í stofnun safnaðarins og væri hægara fyrir um helming þess að sækja til Ólafsvíkur.¹⁵¹

Árið 1915 var Ólafsvíkursókn loks skipt á fyrrgreindan hátt. Var í kjölfarið samþykkt að fríkirkjusöfnuðurinn sameinaðist þjóðkirkjunni að nýju sem þjóðkirkjusöfnuður í nýrri Brimilsvallasókn.¹⁵²

„Hinn evangelíski-lúterski fríkirkjusöfnuður í Fáskrúðsfirði“

Hreyfing í átt til fríkirkju hófst í Fáskrúðsfirði vorið 1914 í kjölfar prestskosninga þar. Óx hún eftir því sem leið á árið og um haustið tók hluti af sóknarfólkinu að undirbúa stofnun fríkirkjusafnaðar, m.a. með því að óska eftir samnýtingu kirkjunnar á Búðum. Eftir nokkrar umræður var samþykkt með 48 atkvæðum gegn 37 að væntanlegum fríkirkjusöfnuði yrði heimilað að nota kirkjuna gegn fullu kirkjugjaldi safnaðarfólksins, að þjóðkirkjusöfnuðurinn sæti ætíð fyrir um notkun og að fyrirkomulagið stæði til fimm ára, þó með eins árs uppsagnarfresti. Væntanlegt fríkirkjufólk greiddi ekki atkvæði um tillöguna en söfnuður hafði enn ekki verið stofnaður. Þau sem undir urðu í atkvæðagreiðslunni undu málalokum illa og töldu veður hafa aftrað fundarsókn. Hinn nýi sóknarprestur lagðist einnig gegn ráðstöfuninni og kann það að hafa stafað af persónulegri þykkju yfir því að allt sóknarfólkið yndi ekki úrslitum kosninganna. A.m.k. hluta sóknarnefndarinnar var aftur á móti í mun að samningar

¹⁴⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 6. janúar 1914. Klemens Jónsson og Eiríkur Briem lýstu sig sammála biskupi. ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Álitsgerð 20. janúar 1914; *Stjórnariðindi* 1907 A, bls. 286 (l. nr. 45/1907, 4. gr.)

¹⁴⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Ráðherra til bisk. 17. febrúar 1914.

¹⁴⁶ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Símskeyti prófastur til biskups. 28. maí 1914.

¹⁴⁷ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Símskeyti Björn Jóhannesson og Kristján Magnússon til stjr. 27. maí 1914.

¹⁴⁸ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 28. maí 1914.

¹⁴⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Stjr. til Ólafs Stephensen 30. maí 1914; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 117.

¹⁵⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Manntalsskýrsla yfir fríkirkjusöfnuðinn í Fróðárhreppi 1913.

¹⁵¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 4. september 1913.

¹⁵² Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 117.

tækjust en með því móti mátti standa vörð um fjárhag og rekstur kirkjunnar. Þá skipti máli að margt efnaðasta og atkvæðamesta fólksins í sókninni hafði gengið til liðs við frikirkjuhugmyndina.¹⁵³ Snemma árs 1915 brást stjórnarráðið svo við beiðni um að Stefán Björnsson (1876–1942) guðfræðikandidat fengi löggildingu sem forstöðumaður frikirkjusafnaðar í Fáskrúðsfirði með því að benda á að áður en til staðfestingar gæti komið yrðu forystumenn safnaðarins að senda skrá yfir meðlimina og sanna að söfnuðurinn hefði hæfilegt hús til guðsþjónustuhalds.¹⁵⁴ Var gengið ríkt eftir að gögnin bærust.¹⁵⁵ Sýnir þetta þá festu sem komin var á málsmeðferðina. Formlegur stofnfundur telst svo hafa átt sér stað 17. janúar 1915 og fór hann fram á Búðum. Þar var köllun Stefáns staðfest með öllum greiddum atkvæðum og umsókn um staðfestingu ítrekuð. Biskup áleit staðfestinguna sjálfgefna þegar nauðsynlegar upplýsingar lægju fyrir og var hún veitt í mars þetta sama ár.¹⁵⁶ Var Stefán vígður til starfsins um haustið.¹⁵⁷ Kvaðst biskup hafa heyrt að um 100 af rúmlega 300 gjaldendum í sókninni tækju þátt í stofnun safnaðarins.¹⁵⁸

Stefán Björnsson tók snemma árs 1916 að þjóna Hólmaprestakalli ásamt frikirkjusöfnuðinum og tók við kallinu að fullu um sumarið. Lagðist frikirkjusöfnuðurinn af skömmu síðar.¹⁵⁹

Frikirkjusöfnuður í Bolungarvík

Þorvaldur Jónsson (1847–1925) á Ísafirði lét af prestskap 1915.¹⁶⁰ Þá hagaði svo til að Páll Sigurðsson (1884–1949) hafði þjónað sem aðstoðarprestur hans og setið í Bolungarvík undangengin þrjú ár. Bolvíkingar litu á það sem mikið hagsmunamál að hafa prest búsettan hjá sér en óvíst var að sú skipan héldist með tilkomu nýs sóknarprests. Af þessum sökum klauf hluti af íbúum Hóls-hrepps sig frá þjóðkirkjunni og var stofnfundur evangelísk-lúthersks frikirkjusafnaðar haldinn um miðjan júlí. Sótti hann um 100 manns sem atkvæðisrétt hafði. Á fundinum var lögð fram skuldbinding um þátttöku í stofnun safnaðarins undirrituð af 282 einstaklingum, körlum og konum, frá átján ára aldri. Þar sem skuldbindingin náði einnig til skylduliðs stofnendanna taldi söfnuðurinn 514 manns. Meðal þess sem stofnfélagar gengust undir var að greiða gjöld til safnaðarins samkvæmt samþykktum safnaðarfundar fyrir öll sem orðin væru

¹⁵³ *DÍ*. Bps. CV: 42B. Bréf til biskups úr Suður-Múlaprófastdæmi 1911–1914. Jón Davíðsson til bisk. 18. desember 1914; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 27. janúar 1915. Sjá: *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Símskeyti. Stjr. til stjórnar frikirkjusafnaðarins í Fáskrúðsfirði 8. febrúar 1915.

¹⁵⁴ Sama stað.

¹⁵⁵ Sama stað.

¹⁵⁶ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Útdráttur úr fundargerð ódags.; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Georg Georgsson, G. Högnason, Sveinn Benediktsson, Mart. Þorsteinsson og Magnús Gíslason til stjr. 18. janúar 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Yfirlýsing Stefán Björnsson 18. janúar 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Stjr. til bisk. 25. janúar 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 27. janúar 1915; *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Stjr. til Stefáns Björnssonar 15. mars 1915.

¹⁵⁷ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 387.

¹⁵⁸ *DÍ*. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 27. janúar 1915.

¹⁵⁹ Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 1, bls. 200; Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 386–387.

¹⁶⁰ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 446.

fimmtán ára. Lágmark gjaldsins skyldi þó vera kr. 2,25.¹⁶¹ Byggðist sú upphæð á lögum um sóknargjöld frá 1909 er gerðu þessa upphæð að skilyrði fyrir að fólk yrði gjaldfrjálst gagnvart þjóðkirkjunni en áður hafði slíkt lágmark ekki verið til staðar.¹⁶² Síðar á árinu var tala safnaðarfólks orðin 555.¹⁶³

Í kjölfar stofnfundarins var samið við eigendur Hólskirkju um afnot safnaðarins að henni en hún var þá enn bændakirkja.¹⁶⁴ Páll Sigurðsson var kjörinn til að verða prestur safnaðarins og var kosning hans staðfest síðla árs 1915. Árið eftir hóf hann þó þjónustu í Íslendingabyggðum vestur í Dakota uns hann kom aftur til prestsþjónustu í Bolungarvík en þá í nýju Bolungarvíkurprestakalli sem stofnað var innan þjóðkirkjunnar 1925.¹⁶⁵ Með tilkomu þess náði helsta baráttumál fríkirkjufólksins fram að ganga.

Eftir brotthvarf Páls tók Guðmundur Guðmundsson (1859–1935) er verið hafið sóknarprestur í Gufudal 1889–1905 en síðan verið við ýmis störf á Ísa-firði við þjónustu við söfnuðinn sem hann hugðist veita þaðan. Árið 1917 tók að fjara undan starfsemi safnaðarins og mun henni hafa lokið 1918.¹⁶⁶

Skyldleiki og tengsl fríkirkjusafnaða

Lúthersku fríkirkjusöfnuðirnir sem hér störfuðu um lengri eða skemmri tíma á rannsóknartímabilinu voru hver og einn stofnaður af sínu sérstaka, staðbundna tilefni eins og sýnt hefur verið fram á. Þá var langt á milli þeirra landfræðilega séð ef frá eru taldir söfnuðirnir á Austurlandi annars vegar og á suðvesturhorni landsins hins vegar. Söfnuðirnir í þessum tveimur landshlutum tengdust svo innbyrðis vegna aðkomu Lárusar Halldórssonar á báðum stöðum. Söfnuðirnir bundust engum samtökum sín á milli. Þrátt fyrir þetta má sýna fram á bæði skyldleika og tengsl milli margra þeirra. Skyldleikann má lesa út úr játningagrunni þeirra, samþykktum um helgisíði, þeim skyldum sem þeir lögðu félagsfólki sínu á herðar og loks stjórnkerfi þeirra. Í þessum efnum virðist ljóst að yngri söfnuðir sóttu fyrirmyndir til hinna eldri og sýnir það að tengsl voru milli safnaðanna. Tengslin koma einnig fram í að þrír menn fengu staðfestingu sem forstöðumenn tveggja safnaða sem þeir þjónuðu samtímis um mislangt skeið eins og rakið hefur verið. Milli flestra safnaðanna voru þó engin slík tengsl. Með fyrirbyggjandi heimildum er heldur ekki hægt að sýna fram á skyldleika allra safnaðanna á sviði innra starfs og stjórnkerfis.

¹⁶¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Meðlimaskrá 10. júlí 1915 (eftirrit); ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Afrit fundargjörðar 18. júlí 1915; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 14. ágúst 1915; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 23. ágúst 1916. Sumarið 1915 voru 310 gjaldskyldir félagar í söfnuðinum, þar af 218 sem höfðu kosningarrétt. ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Safnaðarstjórn til ráðherra 18. júlí 1915.

¹⁶² ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Safnaðarstjórn til ráðherra 18. júlí 1915; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 202–209. (l. nr. 40/1909).

¹⁶³ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Meðlimaskrá 10. júlí 1915 (eftirrit).

¹⁶⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa, B/150-1, Bréfasafn. Samningur 18. júlí 1915.

¹⁶⁵ Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 470–471.

¹⁶⁶ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Stjr. til sr. Páls Sigurðssonar 12. nóvember 1915; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Stjórn utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólshreppi til ráðherra 1. ágúst 1916; sama stað, Yfirlýsing Guðm. Guðmundssonar 2. ágúst 1916; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Bisk. til stjr. 23. ágúst 1916; ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Stjr. til Guðm. Guðmundsson 31. ágúst 1916; Björn Magnússon, *Guðfræðingatal*, bls. 128–129, 470–471; Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* 2, bls. 225, 228.

Hver og einn söfnuður þurfti að setja sér lög og reglur eða annars konar samþykktir sem kváðu á um stjórn og starfshætti, sem og játningagrunn og helgihald. Hér verður fyrst fjallað um ákvæði sem lúta að innri málefnum en síðar samþykktum um ytri mál.

Játningagrunnur og helgihald

Lög fyrsta fríkirkjusafnaðar landsins, þ.e. safnaðarins í Reyðarfirði, voru í fyrstu látin ganga milli félagsmanna til kynningar og undirskrifta en síðan lesin upp á fundum.¹⁶⁷ Þar var m.a. kveðið á um játningagrunn safnaðarins og endursagði Lárus Halldórsson þá grein svo:

2. Kafli: um játningu, guðsþjónustu o.s.frv.

1. gr. Það er trú og játning safnaðarins, að guðs orð í heilagri ritningu sé hin eina algilda regla fyrir trú, kenningu, líferni, kirkjustjórn og kirkjusíðum.
2. gr. Í útlitun á lærdómum ritningarinnar heldur söfnuðurinn sér, auk hinnar þostullegu trúarjátningar, til hinna sérstöku evangelísk-lútersku játningarrita, hinnar óbreyttu Ágsborgar-játningar og Lúters litlu fræða. Þó eignar söfnuðurinn þessum ritum eigi hið sama gildi sem heilagri ritningu, og bindur sig eigi við þau í hverju einstöku atriði.¹⁶⁸

Af þessum orðum má ráða að Lárus hafi líklega viljað hafa söfnuð sinn biblíufastari en þjóðkirkjuna. Þá sniðgekk söfnuðurinn tvær af þremur fornum trúarjátningum sem þjóðkirkjan viðurkenndi, Níkeujátninguna og Ápanasíusarjátninguna sem þó komu ekkert við sögu í helgihaldi hennar og reyndi því lítið á. Ætla má að í þessu komi frekar fram persónulegar áherslur Lárusar sjálfs en skoðanir safnaðarfólksins almennt. Það kemur m.a. fram í þegar tilfærðum ummælum hans sjálfs um að söfnuðurinn hafi fyrst og fremst andæft beitingu veitingarvaldsins en hann sjálfur barist gegn „helgisiðaoki“ þjóðkirkjunnar.¹⁶⁹

Helgisiðir safnaðarins voru allir einfaldari en gerðist í þjóðkirkjunni. Til er nokkuð nákvæm greinargerð um þá af hendi Lárusar Halldórssonar sem hann birti í málgagni sínu, *Fríkirkjunni*, 1899 eða um það leyti sem hann lét af störfum fyrir söfnuðinn. Má líta svo á að helgisiðirnir hafi verið mótaðir af honum án þess að vilji safnaðarfólks hafi staðið til umtalsverðra breytinga frá því sem gerðist í þjóðkirkjunni. Við guðsþjónustuna taldi hann sig byggja á fyrirmyndum úr frumkristni og vildi forðast allar „ceremoniur“.¹⁷⁰ Fólst sunnudagsguðsþjónustan í biblíulestri, predikun, bæn og sálmasöng.¹⁷¹ Hér var, eins og að líkum lætur, um sömu meginþætti að ræða og í þjóðkirkjunni en framkvæmdin hefur verið einfaldari. Messuskrúði var til að mynda ekki notaður né heldur viðhafður tónsöngur en á þessum tíma voru guðspjallið og bænir almennt tónaðar í þjóðkirkjunni, auk þeirra messuliða sem tónaðir eru nú á dögum. Bænir í athöfnum fríkirkjusafnaðarins voru ekki fyrirfram ákveðnar né heldur biblíutextar. Textaraðir þjóðkirkjunnar voru þannig aðeins

¹⁶⁷ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 151.

¹⁶⁸ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 151.

¹⁶⁹ „Inngangsorð“, *Fríkirkjan 1/1899*, bls. 2–5, hér 2–3.

¹⁷⁰ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 152–153, 156.

¹⁷¹ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 152.

hafðar til hliðsjónar og leiðbeiningar. Prestar þjóðkirkjunnar fluttu oft tvö guðspjöll, guðspjall dagsins sem tónað var frá altari og þann guðspjallstexta sem þeir höfðu valið sér til að leggja út af og lásu af stólum. Í guðspjónustu fríkirkjusafnaðarins var aðeins lesinn einn texti úr guðspjöllunum.¹⁷²

Skírnarrítualið var ekki fastbundið í fríkirkjusöfnuðinum í Reyðarfirði heldur framkvæmdi presturinn það eftir eigin höfði hverju sinni, þó innan þeirra marka að innsetningarorða Jesú Krists skyldi „minnst“ og barnið vatni ausið yfir bert höfuð í nafni guðs föður, sonar og heilags anda.¹⁷³ Taldi Lárus að á þennan hátt gæti andi Guðs haft áhrif á sálir viðstaddra en „naumast“ þegar ritualið væri lesið upp af bók eða þulið utanbókar hefði presturinn það nægilega á valdi sínu.¹⁷⁴ Postullegu trúarjátningunni var þó breytt við skírnina frá því sem tíðkaðist í þjóðkirkjunni þar til *Helgisíðabókin* frá 1910 var tekin í notkun með því að afneitun djöfulsins í upphafi hennar var sleppt. Í líka átt gekk það að í annarri grein játningarinnar var sagt að Kristur hafi stigið niður til dauðraríkisins en ekki helvítis (heljar frá 1910) eins og sagt var í þjóðkirkjunni.¹⁷⁵ Þá var það og frávik frá því sem gerðist í þjóðkirkjunni að í fríkirkjusöfnuðinum var skírnarspurningunum beint til foreldranna en ekki barnsins sjálfs eins og tíðkaðist í þjóðkirkjunni fram til 1910 þótt um ungbarna-skírn væri að ræða.¹⁷⁶

Í fríkirkjusöfnuðinum var lítið á ferminguna sem „[...] yfirheyrsl[u] í kristnum fræðum samfara almennri trúarjátningu.“¹⁷⁷ Börnin voru spurð einnar spurningar:

N. N., þú sem hefur verið skírð(ur) til trúarinnar á guð föður son og heilagan anda, og hefur nú fengið uppfræðingu um það, í hverju þessi trú kristinna manna er innifalin, ég aðspyr þig frammi fyrir guði og í viðurvist þessa kristna safnaðar, hvort þú aðhyllist þessa trú í hjarta þínu og vilt lifa samkvæmt henni til æfjoka?¹⁷⁸

Að öðru leyti svipaði athöfninni til þess sem tíðkaðist í þjóðkirkjunni.

Kvöldmáltíðin var ekki fastur liður í helgihaldi fríkirkjusafnaðarins í Reyðarfirði. Um hana sagði svo í lögum safnaðarins frá því í nóvember 1884: „Við kvöldmáltíðina skal lesa innsetningarorðin og útteila brauði og víni. Skriptir fara á undan“.¹⁷⁹ Kvöldmáltíð fór ekki fram fyrir en rúmum áratug eftir að söfnuðurinn hafði fengið staðfestan forstöðumann og þá eftir nokkra gagnrýni fyrir vanrækslu (sjá þriðju greinina í þessum flokki).¹⁸⁰ Var sakramentið fyrst

¹⁷² „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 152; *Helgisíðabók íslensku þjóðkirkjunnar*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1910, bls. 2. L.H. mun hafa lítið svo á að aðeins skyldi skýrðast á stórhátíðum en hempa notuð við athafnir í kirkju en ekki utan hennar. Ásmundur Helgason, *Á sjó og landi*, bls. 182, 184.

¹⁷³ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 153.

¹⁷⁴ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 153–154.

¹⁷⁵ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 154; *Handbók fyrir presta á Íslandi*, endurskoðuð, Reykjavík: Einar Þórðarson, 1879, bls. 107; *Helgisíðabók*, bls. 81.

¹⁷⁶ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 154; *Handbók*, bls. 107.

¹⁷⁷ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 155.

¹⁷⁸ Sama stað.

¹⁷⁹ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18.

¹⁸⁰ L.H. skýrði þetta langa hlé með því að meðal safnaðarfólks hefði gætt óánægju með hvernig athöfnin var framkvæmd í þjóðkirkjunni og skýrði frá að mikil vinna hefði verið lögð í að finna athöfninni form sem væri einfalt og eðlilegt en þó jafnframt myndarlegt og hátíðlegt og gæti orðið til fyrirmyndar. Lárus Halldórsson, „Dæmið ekki“, *Austri* 24. júní 1898, bls. 69–70. Sjá þó: Jóhann L. Sveinbjarnarson, „Svar til síra Lárusar Halldórssonar“, *Austri* 30. september 1898, bls. 105–106, hér 105.

haft um hönd við tvær sérstakar athafnir vorið 1899. Í annað skiptið tóku hundrað manns þátt í henni en þrjátíu í síðara skiptið en þá hamlaði veður mörgum sem áformað höfðu að koma. Í bæði skiptin voru aðeins þau viðstödd sem ætluðu að neyta máltíðarinnar „[...] enda kom andi drottins mjög nálægt þessum samkomum og verða þær oss, sem tókum þátt í þeim, minnisstæðar [...]“ eins og Lárus Halldórsson komst að orði.¹⁸¹ Samkvæmt lögum safnaðarins skyldi viðhafa almennar skrifdir, fara með innsetningarorð Krists og útdeila brauði og víni.¹⁸² Kvöldmáltíðarathafnirnar virðast hafa verið felldar að ramma guðsþjónustunnar að svo miklu leyti sem hann var til staðar í söfnuðinum.¹⁸³ Í fríkirkjusöfnuðinum skryddist presturinn ekki við kvöldmáltíðina frekar en endranær. Ekki var kveikt á neinum kertum og ekkert tónað. Neyslu sakramentisins var þannig háttað:

Brauðið og vínið var á algengu borði með hvítum dúki á, er stóð í kór kirkjunnar, þangað gengu allir smátt og smátt og neyttu standandi, og presturinn neytti með söfnuðinum.¹⁸⁴ Eigi rétti presturinn brauðið né vínið að munni hvers eins, heldur lét hann hvern einn taka sjálfan. Við hvern „hring“ mælti presturinn fram þessi orð á undan útdeilingu brauðsins: „Þetta brauð er hluttekning í líkama Jesú Krists, sem fyrir oss var gefinn til fyrirgefningar syndanna. Takið og etið; gjörði það í minningu Jesú Krists“; og á undan útdeilingu vínsins: „Þetta er kaleikur hins nýja sáttmála í blóði Jesú Krists, sem fyrir oss var úthellt til fyrirgefningar syndanna. Drekkid allir hér af; gjörði það í minningu Jesú Krists.“¹⁸⁵

Þrátt fyrir orðalagið í lýsingunni var því ekki um eiginlega útdeilingu að ræða eins og í þjóðkirkjunni þar sem söfnuðurinn kraup við grátarnar og presturinn bar brauðið og vínið að vörum þeirra sem til altaris gengu. Í kirkju fríkirkjusafnaðarins á Eskifirði var vel að merkja ekkert altari og því engar grátur.¹⁸⁶ Yfirbragð kvöldmáltíðarathafnarinnar var því mjög með öðrum brag en í þjóðkirkjunni. Þá neyttu prestar þjóðkirkjunnar ekki kvöldmáltíðarinnar með söfnuðinum á þessum tíma þar sem ekki var ætlast til að þeir tækju sakramentið úr eigin hendi. Voru þeir þjónustaðir af nágrannapresti.¹⁸⁷

Hjónavígsla fór fram með svipuðu sniði og í þjóðkirkjunni, þó var ritningarlestur sleppt og bæði brúðhjónin spurð hjónavígsluspurningarinnar saman:

Ég aðsyr ykkur, heidruðu brúðhjón, N. N. og N. N., hvort það er vilji ykkar og ásetningur að lifa saman upp frá þessari stundu í heilögu, kristilegu hjónabandi, sem ekkert annað enn dauðinn á að slíta?¹⁸⁸

Greftrunin var eina athöfnin sem fór eins fram hjá fríkirkjusöfnuðinum og í þjóðkirkjunni.¹⁸⁹

Í lögum fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík var játningagrunninum lýst á nákvæmlega sama hátt og hjá söfnuðinum í Reyðarfirði.¹⁹⁰ Sama máli gegndi um

¹⁸¹ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 155.

¹⁸² Sama stað.

¹⁸³ Sama stað.

¹⁸⁴ Lengi tíðkaðist í þjóðkirkjunni að prestar tækju ekki sakramentið úr eigin hendi. Var það sökum þess að þeir urðu að ganga til skrifta eins og söfnuðurinn fyrir kvöldmáltíðina.

¹⁸⁵ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 155–156.

¹⁸⁶ Sama heimild, bls. 156.

¹⁸⁷ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* 5, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík, Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér 180.

¹⁸⁸ „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 156.

¹⁸⁹ *ÞÍ. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók*, bls. 18; „Vígður grafreitur“, *Fríkirkjan*, 1/1899, bls. 10–12, hér 12. Sjá: „Þrjár hinar síðustu prestastefnur“, *Fríkirkjan*, 2/1899, bls. 18–23, hér 19; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 157.

¹⁹⁰ „Stofnun fríkirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 169–170.

guðsþjónustuna og aðrar kirkjulegar athafnir.¹⁹¹ Er þetta að vonum þar sem Lárus Halldórsson hefur líklega ráðið mestu á þessu sviði í báðum söfnuðunum. Sýnir það tengsl og skyldleika milli fríkirkjusafnaðanna í Reyðarfirði og í Reykjavík.

Játningagrunni fríkirkjusafnaðanna í Hafnarfirði og Fróðárhreppi var lýst í lögum þeirra á sama hátt og hjá söfnuðinum í Reyðarfirði og Reykjavík. Þetta átti líka við um meginviðmiðanir varðandi guðsþjónustu og helgiathafnir safnaðanna.¹⁹² Ekki er þó þar með sagt að framkvæmd athafnanna hafi verið með nákvæmlega sama hætti. Ekkert bendir til að prestar safnaðanna, Ólafur Ólafsson og Ólafur Stephensen, og aðrir prestar fríkirkjusafnaða sem áður höfðu þjónað í þjóðkirkjunni vikju í sama mæli frá helgisiðum hennar og Lárus Halldórsson gerði en hann greindi sig einmitt frá þjóðkirkjunni í afstöðu sinni til helgisiða á þessum tíma. Líklegra er að Guðmundur Ásbjarnarson, sem hvorki var guðfræðimenntaður né vígður, hafi viðhaldið áherslum hans fyrir austan, sem og að Runólfur Runólfsson, sem þjónaði fríkirkjusöfnuðinum í Gaulverjabæ eftir prestsstörf í Ameríku, hafi haft svipaðan hátt á og Lárus. Heimildir leyfa þó ekki að neitt sé fullyrt um þetta.

Í lögum fríkirkjusafnaðarins í Fáskrúðsfirði er játningagrunninum lýst með nokkuð öðrum orðum en gert hafði verið í eldri söfnuðunum. Í annari grein þeirra var kveðið á um að það sé: „[...] trúarjátning safnaðarins, að guðsorð í heilagri ritningu sé hin eina algilda regla fyrir trú, kenningu og líferni safnaðarins.“¹⁹³ Í þriðju grein segir síðan: „Auk hinnar postullegu trúarjátningar heldur söfnuðurinn sér til hinna sérstöku evangelísk-lúthersku játningarita við útlistun á lærdómum ritningarinnar.“¹⁹⁴ Ekki er þarna um neinn efnislegan eða guðfræðilegan mun að ræða.

Nokkuð vék söfnuðurinn í Fáskrúðsfirði líka frá eldri fríkirkjusöfnuðum þar sem helgisiðum hans skyldi haga á sama hátt og í þjóðkirkjunni.¹⁹⁵ Urðu þar með straumhvörf innan hreyfingarinnar á Austurlandi enda Lárus Halldórsson horfinn þaðan fyrir löngu. Þrátt fyrir þetta er ekki víst að guðsþjónustuforni þjóðkirkjunnar væri fylgt bókstaflega.

Við stofnun yngsta fríkirkjusafnaðarins á rannsóknartímabilinu, safnaðarins í Bolungarvík, var ákveðið að hann skyldi starfa á „[...] sama trúargrundvelli og hin evangelísk-lútherska þjóðkirkja.“¹⁹⁶ Þetta er eðlilegt þar sem engar guðfræðilegar ástæður lágu til grundvallar við stofnun hans frekar en raunar eldri safnaðanna, allra síst eftir að áhrifum Lárusar Halldórssonar sleppti. Athyglisvert er samt að játningagrunninum var lýst með sama orðalagi og gert hafði verið í upphafi austur í Reyðarfirði.¹⁹⁷

¹⁹¹ Sama heimild, bls. 170.

¹⁹² *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Lög Fríkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi 10. ágúst 1913; Björn Pétursson o.a., *Löksins klukkunahljómur*, bls. 24.

¹⁹³ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Lög fríkirkjusafnaðarins í Fáskrúðsfirði.

¹⁹⁴ Sama stað.

¹⁹⁵ Sama stað.

¹⁹⁶ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Meðlimaskrá 10. júlí 1915 (eftírrit).

¹⁹⁷ „Söfnuðurinn játar að guðsorð í heilagri ritningu, sje hin eina algilda og áreiðanlega regla fyrir trú og líferni kristinna manna. Auk hinnar postullegu trúarjátningar, viðurkennir söfnuðurinn hin sjerstöku játningarrit lúthersku kyrkjunnar: Lúthers litla katekisma og hina óbreyttu Ágsborgarjátningu. Þó eignar hann þessum ritum ekki sama gildi og heilagri ritningu, og álitur sig ekki bundinn við þau í hverju einstöku atriði.“ *Df.* Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/150-1. Bréfasafn. Safnaðarstjórn til ráðherra 18. júlí 1915.

Þrátt fyrir að fríkirkjusöfnuðirnir störfuðu þannig allir á evangelísk-lútherskum játningagrunni, eins og þjóðkirkjan, kenndu sig við þann grunn og viku ekki verulega frá helgisíðum þjóðkirkjunnar að því er séð verður, nema þar sem áhrifa Lárusar Halldórssonar gætti helst, er ekki þar með sagt að þeir hafi ekki greint sig frá þjóðkirkjunni í neinu guðfræðilegu tilliti. Vissulega er ekki um auðugan garð að gresja til að kortleggja þann mun sem fyrir hendi kann að hafa verið. Ekki verður þó framhjá því horft að tveir forstöðumenn voru ekki prestsvígðir og annar þeirra þjónaði söfnuðunum tveimur á Austurlandi lengst af rannsóknartímans. Hann var heldur ekki embættisgengur í þjóðkirkjunni. Bendir þetta til að embættisskilningur a.m.k. safnaðanna í Reyðarfirði og á Völlum hafi vikið frá embættisguðfræði þjóðkirkjunnar en safnaðarfólk leit án efa á forstöðumann sinn sem fullgildan prest.¹⁹⁸

Skyldur safnaðarfólks og stjórn safnaðarmála

Samkvæmt lögum safnaðarins í Reyðarfirði undirgekkst safnaðarfólkið eftirfarandi skyldur:

1. að lifa kristilega og auðsýna kærleika bæði þeim, sem í söfnuðinum eru, og öðrum út í frá;
2. að hafa guðs orð um hönd í kirkju og heimahúsum;
3. að stuðla eptir mætti að kristilegu uppeldi barna og uppfræðingu þeirra í kristindómnum;
4. að sækja almenna safnaðarfundi og hlýðnast ákvörðunum þeirra;
5. að leggja fram sinn skerf til að standast útgjöld safnaðarins;
6. að auðsýna sérstaka velvild, fúsa hlýðni og bróðurlega aðstoð öllum þeim, sem stjórn einhverra safnaðarmála er á hendur falin.¹⁹⁹

Safnaðarfólk skuldbatt sig því ekki aðeins til að leggja sinn skerf til safnaðarstarfsins, taka virkan þátt í því og hlýðnast lögum, fundarsamþykktum og forystumönnum safnaðarins heldur jafnframt að lifa kristilega innan safnaðar og utan og kenna börnum sínum slíkt hið sama. Skyldurnar tóku því bæði til innri og ytri mála.

Stjórn safnaðarins var þannig háttað að almennur safnaðarfundur fór með æðstu stjórn allra safnaðarmálefna. Atkvæðisrétt hafði allt fermt safnaðarfólk, karlar og konur, sem náð hafði átján ára aldri en þá var jafnframt tekið að krefjast að þau sem nokkurs voru umkomin legðu árlega fram einhvern skerf til að mæta útgjöldum safnaðarins.²⁰⁰ Ekki var kveðið á um fast gjald eða neitt lágmark í því efni en reiknað með að framlagið réðist af eignum og ástæðum

¹⁹⁸ Framan af rannsóknartímanum störfuðu a.m.k. fjórir prestar (vígðir 1853–1870) í þjóðkirkjunni sem ekki höfðu embættisgengi eftir að námskröfur voru auknar með tilkomu Prestaskólans 1847. Víða er það enda enn algengt úrræði við prestaskorti víða um lönd að veita undanþágu frá menntunarkröfum. Þá má geta þess að frá lokum 18. aldar og fram undir 1820 var 41 prestur vígður af staðgenglum biskups (stiftspróföstum) sem ekki höfðu biskupsvígslu. Pjetur Guðmundsson, *Annáll níjándu aldar I*, Akureyri: Hallgrímur Pjetursson, 1912–1922, bls. 192, 276–277, 347; Jón Helgason, „Árni stiftsprófastur Helgason 1777–1869–1927“, *Skírnir* 101, 1927, bls. 1–47, hér 36; Björn Magnússon, *Guðfræðingatal 1847–1976*, Reykjavík: Prentsmiðjan Leiftur h.f., 1976, bls. 476–477.

¹⁹⁹ Þf. Kirknasafn, Fríkirkjan í Reyðarfirði. D/1. Gjörðabók, bls. 18–19; „Hinn fyrsti fríkirkjusöfnuður á Íslandi“, bls. 151.

²⁰⁰ Sama heimild, bls. 152.

fólks. Fyrir 1909 var heldur ekki kveðið á um neitt lágmarksgjald utanþjóðkirkjufólks eins og síðar var tekið að krefjast ætti gjaldfrelsi gagnvart þjóðkirkjunni að fást.

Á safnaðarfundi voru kosnir fimm safnaðarfulltrúar sem mynduðu framkvæmdastjórn.²⁰¹ Þá voru kosnir tveir menn til að „[...] vera í ráðum með prestinum og veita honum aðstoð sína að því er snertir stjórn í andlegum mál-efnum safnaðarins, svo sem uppfræðingu barna og almennu siðferði. Þessir tveir menn ásamt prestinum sem formanni kallast *safnaðarráð*.“²⁰² Stjórn innri og ytri mála var þannig aðskilin.

Samkvæmt lögum fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík mátti presturinn og hver og einn kjörinn fulltrúi safnaðarins taka inn í söfnuðinn öll þau sem tjáðu sig fús til að gangast undir þær skyldur sem tilteknar voru í lögnum. Þær voru því nær samhljóða reglum safnaðarins í Reyðarfirði. Einu efnislegu frávikin eru að við lið fjögur bættist að „skerfur“ fólks til að mæta útgjöldum safnaðarins skyldi fara „[...] eptir þeim ákvæðum, er menn koma sér saman um.“²⁰³ Þá bættist við nýr liður um skyldu fólks til að „[...] samþykka og undirskrifa lög safnaðarins.“²⁰⁴ Var hér augljóslega byggt á fyrirmyndum að austan af þegar tilgreindum ástæðum. Sama máli gildi um stjórnkerfi safnaðarins.²⁰⁵

Í lögum safnaðarins í Reykjavík var sérstaklega kveðið á um að presturinn gæti sagt upp stöðu sinni með misseris fyrirvara. Einnig mátti segja honum upp með sama fresti ef meira en helmingur atkvæðisbærra safnaðarmanna samþykkti á almennum safnaðarfundi.²⁰⁶ Framan af a.m.k. var gengið út frá að giftar konur og börn safnaðarmanna sem náð höfðu átján ára aldri hefðu atkvæðisrétt á safnaðarfundum þótt ungmennin dveldu enn í foreldrahúsum.²⁰⁷

Í lögum Reykjavíkursafnaðarins var gert ráð fyrir að safnaðarfólk tæki þátt í kostnaði af starfi safnaðarins. Í bráðabirgðaákvæðum var sú skylda útfærð nánar og kveðið á um að stjórn safnaðarins skyldi gangast fyrir fjárframlögum með því að skrá hjá sér loforð fólks þar um og skyldi því lokið fyrir áramót ár hvert. Fengist ekki nægilegt fé átti að leita frekari framlaga. Ekki mátti þó fara fram á að fólk greiddi hærra gjald en það hefði gert í þjóðkirkjunni. Þar með setti söfnuðurinn sér gjaldhámark, andstætt gjaldalágmarkinu sem innleitt var 1909 og þá á forsendum þjóðkirkjunnar. Gjaldalagi framlaganna var 15. maí en eindagi um miðjan október, sérstaklega fyrir þau sem voru fjarverandi til þess tíma t.d. vegna kaupavinnu.²⁰⁸ Fólki var því að mestu í sjálfsvald sett hve mikið það greiddi. Loks var samþykkt verðskrá fyrir aukaverk prestsins.²⁰⁹

Hægt var að gerast félagi í fríkirkjusöfnuðunum í Hafnarfirði og í Fróðárhreppi á sama hátt og í Reykjavík, þ.e. með því að tilkynna prestí hans eða

²⁰¹ Sama stað.

²⁰² Sama stað.

²⁰³ „Stofnun fríkirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 170–171.

²⁰⁴ Sama stað.

²⁰⁵ Sama heimild, bls. 171–172.

²⁰⁶ Sama heimild, bls. 172.

²⁰⁷ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/288-1. Bréfasafn. Lárus Halldórsson til landsh. 28. mars 1903.

²⁰⁸ „Stofnun fríkirkjusafnaðar [svo] í Reykjavík“, bls. 173.

²⁰⁹ Sama heimild, bls. 174.

einhverjum kjörnum fulltrúa þá ósk sína og undirgangast skyldur almenns safnaðarfólks.²¹⁰ Ákvæði þar um voru sótt til safnaðarins í Reyðarfirði með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið á því við stofnun frikirkjusafnaðarins í Reykjavík.²¹¹ Sama máli gegndi um stjórnkerfið. Samkvæmt lögum safnaðanna átti að halda aðalfund í nóvember ár hvert en aðra fundi eftir því sem safnaðarfulltrúar töldu nauðsynlegt eða ef tíu fullgildir safnaðarfélagar óskuðu eftir. Allt safnaðarfólk er náð hafði átján ára aldri og galt eitthvað til safnaðarins hafði atkvæðisrétt óháð kyni. Kjör í stjórn og safnaðarráð var til eins árs í senn og var ekki skylda að taka endurkjöri oftár en tvisvar. Safnaðarfulltrúarnir skyldu annast fjárhagsleg málefni safnaðarins og framkvæma það sem ákveðið var á fundum. Sömu reglur giltu um safnaðarráðsmenn og í Reyðarfirði og Reykjavík en tekið sérstaklega fram að þeir skyldu annast manntal safnaðarins.²¹²

Safnaðarfólk í þessum söfnuðum sem náð hafði fimmtán ára aldri skyldi greiða að lágmarki jafn hátt gjald og greiðast skyldi til þjóðkirkjunnar enda hafði sú viðmiðun verið sett með lögum um sóknargjöld frá 1909. Nægðu tekjur safnaðarins í Hafnarfirði ekki fyrir útgjöldum áttu safnaðarfulltrúar að gangast fyrir frjálsum framlögum er gjaldast skyldu fyrir 15. nóvember. Ef tekjur hrukku ekki fyrir gjöldum í söfnuðinum fyrir vestan og ekki reyndist mögulegt að brúa bilið með frjálsum framlögum höfðu safnaðarfulltrúar auk þess heimild til að jafna niður viðbótargjöldum eftir efnum og ástæðum safnaðarfólks. Skyldi því lokið vel fyrir nýár ár hvert. Hefði félagi, í hvorum söfnuðinum sem var, ekki greitt gjöld sín fyrir 15. nóvember var viðkomandi ekki lengur álitin(n) tilheyra söfnuðinum og máttu safnaðarfulltrúarnir tilkynna réttum aðila í þjóðkirkjunni um nöfn þeirra og þau urðu þá um leið gjaldskyld gagnvart henni. Svipuð gjaldskrá fyrir prestsverk gildi í Hafnarfirði og í Reykjavík enda sami prestur við störf fyrst í stað. Safnaðarfólk fyrir vestan átti aftur á móti að greiða prest sínum sömu upphæð fyrir aukaverk og greidd var í þjóðkirkjunni. Loks var fjallað um lagabreytingar og viðauka. Í báðum söfnuðunum mátti bera upp tillögur að lagabreytingum á almennum safnaðarfundum en greiða skyldi atkvæði um þær á næsta aðalfundi. Breyting náði fram að ganga ef þrír af hverjum fjórum fundarmanna greiddu henni atkvæði sitt.²¹³

Samkvæmt lögum frikirkjusafnaðarins í Fáskrúðsfirði skyldu öll þau sem gengu á löglegan hátt í söfnuðinn teljast félagar í honum. Atkvæðisrétt höfðu þó aðeins karlar sem orðnir voru fullra átján ára. Konur yfir fimmtán ára aldri voru samt gjaldskyldar eins og karlarnir. Þau sem sóttu um inngöngu áttu í skriflegri umsókn að taka fram hve hátt gjald viðkomandi hétu að greiða árlega til safnaðarins. Af fram komnum ástæðum mátti gjaldið þó ekki vera lægra en þær 2,25 krónur sem krafist var í þjóðkirkjunni.²¹⁴

²¹⁰ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Lög Frikkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi 10. ágúst 1913; Björn Pétursson o.a., *Löksins klukknaðljómur*, bls. 25.

²¹¹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Lög Frikkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi 10. ágúst 1913; Björn Pétursson o.a., *Löksins klukknaðljómur*, bls. 25.

²¹² ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Lög Frikkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi 10. ágúst 1913; Björn Pétursson o.a., *Löksins klukknaðljómur*, bls. 25–26.

²¹³ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/125-9. Bréfasafn. Lög Frikkirkjusafnaðarins í Fróðárhreppi 10. ágúst 1913; *Stjórnartíðindi* 1909 A, bls. 202 (l. nr. 40/1909, 2. gr.); Björn Pétursson o.a., *Löksins klukknaðljómur*, bls. 25–28.

²¹⁴ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, 1. skrifstofa. B/142-37. Bréfasafn. Lög frikkirkjusafnaðarins í Fáskrúðsfirði [án dags.].

Yfirstjórn allra safnaðarmála skyldi vera í höndum almenns safnaðarfundar sem boða átti með hálfmánaðar fyrirvara. Ef veður, umgangspæstir eða aðrar gildar ástæður hindruðu meirihluta atkvæðisbærra í að sækja fundinn skyldi boða fund að nýju.²¹⁵ Stjórn safnaðarinnar var skipuð fimm mönnum sem kosnir voru til fjögurra ára. Stjórnin átti að stuðla að því að guðsþjónustan færi sómasamlega fram, útvega meðhjálpara, ábyrgjast kirkjusöng og organleik og auk þess hafa umsjón með kirkju og grafreit safnaðarinnar. Loks skyldi hún annast öll fjármál safnaðarinnar, þar á meðal launagreiðslur til prests.²¹⁶ Hún annaðist því bæði ytri og innri málefni.

Svipaðar reglur giltu í söfnuðunum í Hafnarfirði og Fáskrúðsfirði varðandi val og uppsögn prests.²¹⁷

Þessi athugun leyfir vissulega ekki samanburð milli allra fríkirkjusafnaðanna sem störfuðu á rannsóknartímanum. Af henni má þó ráða að við stofnun nýrra safnaða hafi almennt verið byggt á fyrirmyndum frá eldri söfnuðum. Olli þetta því að mikill skyldleiki kom fram milli safnaðanna hvað játningagrunn, helgisíði, stjórnkerfi og aðra starfshætti áhræddi. Tengsl einstakra fríkirkjusafnaða koma einnig fram þegar horft er til forstöðumanna þeirra en þau voru rakin hér framar. Rennir þetta stöðum undir að raunhæft sé að líta svo á að um hreyfingu á þessu sviði hafi að ræða sem þó hafi vissulega birst í sjálfstæðum söfnuðum. Ekki ber því að skoða hvern einstakan söfnuð sem fullkomlega einangrað fyrirbæri þótt ekki hafi komið hér fram samfelld fríkirkja við hlið þjóðkirkjunnar.

Niðurstöður

Í þeim hluta rannsóknar á lútherskum fríkirkjusöfnuðum á fyrsta þróunarskeiði trúfrelsis hér á landi (1874–1915) sem er kynntur í þessari grein kemur fram að á tímabilinu voru alls stofnaðir hér níu söfnuðir víðs vegar um land. Einn söfnuður, sem starfaði norður í Núpasveit, fellur að mestu utan rannsóknarinnar. Hann myndaðist í kringum umdeildan prest og tengdist afsetningu hans en ekki embættisveitingu. Bæði burtvikning prestsins úr embætti og starfsemi safnaðarinnar reyndist tímabundin. Söfnuðurinn var því við lýði í aðeins eitt ár.

Allir voru söfnuðirnir stofnaðir vegna staðbundinna aðstæðna. Sá fyrsti þeirra, söfnuðurinn í Reyðarfirði, varð til vegna óánægju heimafólks með ákvörðun veitingarvaldsins við skipun sóknarprestis í Hólmaprestakalli. Sömu ástæður lágu til grundvallar er fríkirkjusöfnuður var stofnaður í Fáskrúðsfirði þremur áratugum síðar. Þá beindist óánægjan þó ekki beint að yfirvöldum heldur niðurstöðu prestskosningar. Söfnuðurinn á Völlum á einnig rætur að rekja til embættisveitingar í Vallnesprestakalli en þar var vandinn þó af allt öðrum toga. Kallið hafði verið sameinað nágrannaprestakalli og kom því ekki til vals á presti þegar það losnaði. Fannst söfnuðinum, eða verulegum hluta hans, þá lýðræðislegur réttur sinn fyrir borð borinn. Náskyldar ástæður, þ.e.

²¹⁵ Sama heimild.

²¹⁶ Sama heimild.

²¹⁷ Sama heimild; Björn Pétursson o.a., *Loksins klukkublómur*, bls. 27.

sameining prestakalla og sókna, lágu til grundvallar er söfnuðurinn í Gaulverjabæ var stofnaður. Í Hafnarfirði og vestur í Fróðárhreppi var margt safnaðarfolk óánægt með staðsetningu kirkju sinnar en þó af ólíkum ástæðum. Hafnarfirðingar áttu sókn að kirkju utan þéttbýlisins en kirkjan á Fróðá var flutt inn í þéttbýlið í Ólafsvík. Í báðum tilvikum setti fólk öðrum þræði fyrir sig vegalengdir. Bolvíkingar voru loks að tryggja sér að prestur yrði búsettur þar til frambúðar. Ástæðurnar fyrir stofnun safnaðar í Reykjavík eru líklega flóknastar en þar átti þjóðkirkjan við vaxandi áskoranir að stríða vegna örrar fólksfjölgunar og þjóðfélagsbreytinga og hafði um margt misst ítök. Í öllum tilvikum átti heimafólk frumkvæði að því að leysa aðkallandi vanda í kirkjumálum í héraði án atbeina eða jafnvel í andstöðu við yfirvöld. Af þeim ástæðum má líta svo á að deila um valdmörk milli heimafólks og kirkjulegra yfirvalda hafi hvarvetna komið við sögu. Því má segja að kirkjuleg lýðræðisbarátta liggi til grundvallar á öllum stöðunum og sé hugmyndafræðilegur samnefnari allra safnaðanna. Í tveimur tilvikum, þ.e. í Fróðárhreppi og Bolungarvík, náði vilji heimafólks síðar fram að ganga og urðu söfnuðirnir þá úr sögunni. Kirkja reis einnig í Hafnarfirði ári eftir að fríkirkja var vígð þar. Fríkirkjusöfnuðurinn hefur þó haldið áfram störfum allt til þessa.

Athugun á játningagrunni og lögum safnaðanna leiddi í ljós að yngri söfnuðir byggðu almennt á samþykktum eldri safnaða þótt ýmissa orðalagsbreytinga gætti. Þetta sýnir að tengsl og skyldleiki milli safnaðanna var fyrir hendi. Hið sama kemur í ljós þegar horft er til forstöðumanna þeirra. Einn, Lárus Halldórsson, varð prestur tveggja safnaða, hvors á eftir öðrum. Að minnsta kosti þrír gegndu tveimur söfnuðum samtímis. Af þessu virðist mega ráða að þrátt fyrir að söfnuðirnir byndust ekki samtökum í samfelldri fríkirkju eða mynduðu önnur formleg tengsl sé réttlæt看legt að líta svo á að tilkoma safnaðanna hafi á rannsóknartímanum verið til merkis um a.m.k. óformlega hreyfingu sem sagði til sín í kirkjumálum landsins. Eins og fram er komið var aukin sjálfsstjórn safnaða, og þar með lýðræði í kirkjumálum, höfuðbaráttumál slíkrar hreyfingar en ekki aðskilnaður ríkis og kirkju.

Ljóst virðist að trúarkenningar og helgisiðir koma vart við sögu í samskiptum þjóðkirkju og fríkirkjusafnaða á tímabilinu þegar störfum Lárusar Halldórssonar sleppir. Hvað kenningargrunninn snertir skilgreindu fríkirkjusöfnuðirnir hann vissulega nákvæmar en þjóðkirkjan hafði haft ástæðu til að gera. Þannig ætluðu þeir allir Ritningunni meira kennivald en játningarritunum sem að verulegu leyti voru sameiginleg með þjóðkirkjunni. Ekki er þó ástæða til að ætla að fríkirkjusöfnuðirnir hafi verið biblíulegri en þjóðkirkjan þótt vissulega hafi viðleitni í þá átt gætt hjá Lárusi Halldórssyni. Auk hans gegndu stöðum fríkirkjupresta ýmsir aðrir er verið höfðu prestar í þjóðkirkjunni eða áttu eftir að verða það. Er ekki ástæða til að ætla að þeir hafi fylgt séráherslum hans í helgisiðum og söfnuðirnir voru breytingum á því sviði ekki fylgjandi, nema síður væri. Öðru máli kann að gegna um Guðmund Ásbjarnarson er þjónaði söfnuðunum í Reyðarfirði og á Völlum en hann var óvígður, sem og um Runólf Runólfsson í Gaulverjabæ sem var með trúarlegan bakgrunn frá Vesturheimi. Hin langvarandi þjónusta Guðmundar sem safnaðarforstöðumanns kann að benda til að embættisskilningur fríkirkjusafnaðanna, og þá

einkum á Austurlandi, hafi vikið frá því sem viðtekið var í Þjóðkirkjunni. Óvíst er þó um hve mótaðan skilning var að ræða í því efni og að hve miklu leyti „praktískar“ ástæður réðu för.

Þessi fyrsti hluti rannsóknar á lútherskum fríkirkjusöfnum hér á landi fyrir 1915 hefur sýnt að sú kirkjulega lýðræðishreyfing sem kom fram á tímabilinu náði ekki að verða sjálfstæð gagnvart Þjóðkirkjunni. Umsagnar biskups var ætíð leitað um málefni safnaðanna og þjónaði hann því sem ráðgjafi stjórnvalda í kirkjumálum. Söfnuðirnir störfuðu á grundvelli laga um utanþjóðkirkjufólk. Ákvæði þeirra um trúfélög utan Þjóðkirkjunnar voru fremur opin og jók það áhrif stjórnvalda og þar með biskups. Sýnt hefur verið fram á að föstu verklagi var komið á við afgreiðslu umsókna um staðfestingu á köllun forstöðumanna. Í því sambandi var tekið að krefjast gagna er sýndu að fastur kjarni hefði myndast í söfnuðinum og þar með væri áframhaldandi starf hans og rekstur tryggður, sem og að söfnuðurinn hefði tryggt sér heppilegt húsnæði til helgihalds. Þá hefur komið fram að vandlega var þess gætt að fríkirkjufólk greiddi ekki lægra gjald til safnaðar síns en því hefði borið að greiða Þjóðkirkjunni. Í tveimur greinum sem á eftir fylgja verður fjallað frekar um sambúð fríkirkjusafnaðanna við Þjóðkirkjuna og áhrif hennar á skipulag þeirra og starfshætti.